



HÚSAKÖNNUN
Myndun þéttbýlis
hófst á
Egilsstöðum á
fimmta áratug
20. aldar. Hér er
veitt stutt yfirlit
yfir fyrstu
íbúðarhúsabyggð
á Egilsstöðum
svo úr varð hverfi
sem í daglegu tali
var kallað
„þorpið á
ásnum“.

**Unnur B.
Karlsdóttir**
Rannsóknasetur
Háskóla Íslands á
Austurlandi

HÚSAKÖNNUN - EGILSSTAÐIR

Gamla hverfið á ásnum

Dr. Unnur Birna Karlsdóttir, sagnfræðingur og forstöðumaður
Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi.
í samvinnu við Fljótsdalshérað/Múlaping og Minjastofnun Íslands.

Meðfylgjandi húsaskrá: Unnur Birna Karlsdóttir
og Anna María Þórhallsdóttir arkitekt
í samvinnu við Minjastofnun Íslands.

Nýjar ljósmyndir: Unnur B. Karlsdóttir, Anna María Þórhallsdóttir, Ívar Ingimarsson.
Eldri ljósmyndir úr safni Héraðsskjalasafns Austfirðinga/Ljósmyndasafns Austurlands og í eigu Ingunnar Svavarsdóttur.
Kortavinnsla: Steinrún Ótta Stefánsdóttir.

Rammaefni: Arndís Þorvaldsdóttir, fyrir sýninguna „Þorpið á Ásnum“, sýning Héraðsskjalasafns Austfirðinga og
Minjasafns Austurlands, Egilsstöðum 2017, birt með góðfúslegu leyfi Héraðsskjalasafnsins og Minjasafnsins).

Forsíðumynd. Tjarnarbraut 1 (Nielsenshús). Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2020.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Sögulegt yfirlit	6
Ýmislegt um húsin á ásnum	14
Afmörkun svæðisins	14
Húsin í húsaskránni eftir götunúmeri í stafrófsröð, og eldri heitin.	16
Húsin í húsaskránni flokkuð eftir aldri skv. skráðu byggingarári.	17
Skráðir hönnuðir húsanna í húsaskránni og starfsheiti þeirra.*	18
Byggingarstíll	19
Aðalbyggingarefni	21
Byggingarstíll	22
Húsin í húsaskránni, byggingarár, byggingarefni og byggingarstíll	22
Byggingarstíll	23
Húsin í húsaskránni, þakgerð	24
Þakgerðir; fjöldi þaka í hverri gerð og hlutfall miðað við fjölda húsa í húsaskránni	25
Varðveislugildi húsa sem skráð eru í húsaskrána	29
Listrænt gildi	30
Menningarsögulegt gildi	31
Umhverfisgildi	31
Upprunalegt gildi	32
Tæknilegt ástand	32
Varðveislugildi - Heildarmat: Varðveislugildi húsa í hverfinu á ásnum (%)	33
Umhverfið: Há og mikil tré og runnagróður einkenna gamla íbúðarhúsahverfið á Egilsstöðum	34
Horfið hús	38
Heimildir	39
Prentaðar	39
Óprentaðar	39
Á vef	39
Myndaskrá	39

Þessi húsaskrá er verður uppfærð eins og tilefni verður til í næstu framtíð, eins og húsaskráningu framvindur á Egilsstöðum, en á þessari stundu birtist hún í þessari gerð í samvinnu við Minjastofnun Íslands og sveitarfélagið Múlaþing en var áður unnin fyrir sveitarfélagið Fljótsdalshérað þegar verkefnið hófst. Húsaskráin er gerð í tengslum við gerð tillögu um verndarsvæði í byggð innan þéttbýlis Egilsstaða, nánar tiltekið í elsta samfellda hluta íbúðarhúsahverfis þar. Eldri skrár eða húsakannanir eru ekki fyrir hendi til hliðsjónar við gerð þessarar skrár. Hvert hús innan viðkomandi svæðis er skráð samkvæmt nágildandi stöðlum og skráningarformi Minjastofnunar Íslands. Hér er ekki rúm til að rekja sögu Egilsstaðakaupstaðar ítarlega en í því efni vísað í ritið *Egilsstaðabók*. *Frá býli til bæjar*, í ritstjórn Björns Vigfússonar (1997).

Um ritun og ritstjórnum þessarar húsaskrár sá Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur og forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands en auk hennar vann Anna María Þórhallsdóttir arkitekt að skráningu varðveislumats og fleiri atriða í húsaskránni og Minjasafn Austurlands og Héraðsskjalasafn Austfirðinga lögðu verkefninu lið með myndefni, heimildum og rammaefni. Ívar Ingimarsson og Ingunn Svavarsdóttir eiga einnig myndir hér í sögulegu yfirliti. Afmörkun skráningarsvæðisins er í samræmi við umsókn sveitarfélagsins Múlaþings um verndarsvæði í byggð á Egilsstöðum og ákvörðun sveitarstjórnar um afmörkun þess svæðis á þessu stigi.

Vísir að kauptúni

Strax um aldamótin 1900 er það reifað í ræðu á Alþingi að með bættum samgöngum hljóti kaupstaður að risa á Egilsstöðum í nágrenni Lagarfljóts. Næstu áratugina er hugmyndin til umræðu bæði á heimaskóðum og á vettvangi stjórnmálanna og á útmánuðum 1946 næst á Alþingi nær alger samstaða um stuðning við myndun þéttbýlis á Egilsstöðum.

Árið 1940 kýs oddvitafundur á Héraði sérstaka sjúkrahúsnefnd sem skal hafa forgöngu um og hefja undirbúning að byggingu sjúkraskýlis á miðhéraði. Árið 1944 brennur sjúkraskýli og læknibústaður á Brekku í Fljótsdal. Verður það til þess að staðarvali er hraðað og hafist er handa við byggingu sjúkraskýlis á Egilsstöðum sem tekið er í notkun næsta veturnar.

Um sumarið er þúsundþjalasmíðurinn Steinþór Eiríksson fenginn til að vinna við þípulagnir í sjúkra-

skýlisbyggingunni. Osvald og Friðborg Nielsen hafa þá þegar hafið byggingu íbúðarhúss sem fær nafnið Lyngás en er betur þekkt í dag sem Nielsens hús (Tjarnarbraut 1). Steinþór fetar í fótspor þeirra eftir að hafa fengið hvatningu frá Sveini Jónssyni á Egilsstöðum til að stofna viðgerðarverkstæði. Steinþór byggir sér íbúðarhús sem fær nafnið Bjarmahlið, nú Selás 4. Verkstæðisbygging hans ris, með tilstyrk hreppa á Héraði, þar sem nú heitir Lyngás 5-7 og er það fyrsta verkstæði á landinu sem er sérstaklega ætlað að sinna viðgerðum og viðhaldi á búvélum. Um svipað leyti ris Dýralæknisbústaðurinn (Lagarás 20) og íbúðarhús á vegum Búnaðarsambands Austurlands sem fær nafnið Hvassafell (Tjarnarbraut 3). Kaupfélag Héraðsbúa stendur líka í framkvæmdum og opnar 1946 verslun í nýju verslunarhúsi á Egilsstöðum og hyggur á meiri umsvif í framtíðinni.

Texti efstir Arndísi Þorvaldsdóttur úr sýningunni „Þorp verður til“, sem sett var upp á Egilsstöðum árið 2017 í tilefni af 70 ára afmæli Egilsstaða (þéttbýlis). Úr fórum Minjasafns Austurlands og Héraðsskjalasafns Austfirðinga, frá 2017.



Mynd 1. Hluti byggðar í þéttbylinu Egilsstaðir sumarið 2016. Gatan sem sker byggðina langsum fyrir miðri mynd er Tjarnarbraut. Gamla hverfið á ásnum liggur vinstra megin Tjarnarbrautar og utan Fagradalsbrautar sem hér þverar bæinn næst á myndinni. Mörg húsanna í gamla hverfinu á ásnum hverfa á bak við trén. Ljósm. Ívar Ingimarsson, haust 2016.



Mynd 2. Egilsstaðakirkja stendur á Gálgaás. Kirkjuna teiknaði Hilmar Ólafsson arkitekt. Kirkjan var vígð 16. júní 1974 og hefur síðan haft sess sem einkennisbygging Egilsstaðakaupstaðar. Kirkjan stendur utan þess hluta byggðarinnar á ásnum á Egilsstöðum sem skráð er í meðfylgjandi húsaskrá. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.



Mynd 3. Loftmynd sem sýnir staðsetningu elsta íbúðarhúsahverfisins á ásnum inn þéttbýlisins á Egilsstöðum í núverandi mynd (2020), hér afmarkað gulbrúnni línu. Sú lína sýnir útmörk þess hluta elstu byggðarinnar sem meðfylgjandi húsaskrá tekur til. Kort; Steinrún Ótta Stefánsdóttir, 2020.

Með lögum nr. Lög nr. 58 frá 24. maí 1947 ákvarðaði ríkisstjórn Íslands að stofna skyldi Egilsstaðakaupþún í Suður-Múlasýslu. Tveimur til þremur árum fyrr hafði hafist bygging örfárra húsa og lítið þorp tók að byrja að myndast innan við svonefndan Gálgaás og var hverfið sem svo reis áfram þarna sunnan ássins næstu árin kennt við Gálgaás og oft í daglegu talið einfaldlega nefnt þorpið eða hverfið á ásnum. Fyrstu húsin voru tekin í notkun rétt fyrir eða árið sem kauptúnið var stofnað.

Í árslok 1947 eru íbúar kauptúnsins 69 og risin í kringum 20 hús. Par af voru 8 íbúðarhús og höfðu þá ekki



Mynd 4. Laufás 1 er eitt af elstu húsunum á ásnum, skráð byggingarár er 1946. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

mynd á húsaskipan og götur höfðu verið lagðar í hverfinu. En fyrstu árin áður en götur komu voru slóðar á milli húsa.¹ Þjónusta á borð við heilsugæslu, skóla og verslun og þvíumlíkt var reist og efti í kauptúninu eftir því sem íbúum fjölgæði. Fyrsta barnaskólkennsla í þorpinu fór fram í húsum sem fyrst risu en engar byggingar tilheyrandi

- Lög um uppbryggingu þéttbýlis á Egilsstöðum sambykkt frá Alþingi 16. maí. Undir þéttbýlið hefur ríkið keypt landskíka af Sveini Jónssyni á Egilsstöðum og er hluti af því landi ætlaður til ræktunar þar sem áætlað er að væntanlegi íbúar hafi að hluta til viðurvara sitt af landbúnaði. Í lögnum um er kveðið á um að ríkið hafi hönd í bagga með hinni ungu byggð í skipulagsmálum, gatnagerð, orkuflun og vatns- og skolplögnum.
- Fjórar jarðir í Eiðabinghá, Miðhús, Eyvindará og eyðibýlin Dalhús og Puriðarstaðir tilheyra hinu nyja sveitarfélagi en frá Vallahreppi flyttast Egilsstaðabýlið og Kollsstaðagerði.
- Fyrstu kosningar til sveitarstjórnar í hinum nýstofnaða Egilsstaðahreppi fara fram 6. júlí. Oddviti er kjörinn Sveinn Jónsson bónið á Egilsstöðum og er hann í því embætti næstu two áratugina.
- Um haustið tekur Kaupfélag Héraðsbúa í notkun nýtt sláturhús á Egilsstöðum. Í framhaldinu er byggt hús sem tekur á móti rjóma frá bændum til smjörgerðar og trúsmíðaverkstæði. Í öðrum enda verkstæðis rekur KHB mótnueytí fyrir starfsmenn sína sem gengur undir nafninu „Tehúsið“. Hús þetta hýsir nú Kaffi Egilsstáði og Egilsstaðastofu.
- Börn þorpsbúa ganga í skóla sem er til húsa í Dýralæknisbústaðnum (Lagarás 20). Næsta áratuginn flakkar skólinn á milli húsa. Kennt er í Ásbrún, húsi Garðars Stefánssonar og Ernu Eliasdóttur (Laufás 4); í Hvassafelli húsi Búnaðarsambandsins (Tjarnarbraut 3) og í kjallara Bjárka, húsi Guðmundar Magnússonar og Adaldisar Pálsdóttur (Laufási 2). Framan af eru ör skipti á kennurum en 1951 tekur Guðmundur Magnússon við skólastjórn sem hann sinnir til ársins 1956 en kennir áfram til 1971.
- Reglugerð um vatnsveitu berst frá félagsmáraláðuneytinu 18. nóvember en skortur á góðu neysluvatni er vandamál í hinni ungu byggð. Fyrstu árin grafa menn brunna fyrir hús sín en fliðtegla er hafin bygging vatnsveitu og vatn leitt úr Háslæk. Í ljós kemur að þessi ráðstofun er ekki fullnægjandi fyrir íbúðarhús, hvað þá iðnaðaruppbryggingu og þrátt fyrir byggingu vatnsþróar og kostnaðarsamar endurbætur næstu árin komast vatnsmál þorpsbúa ekki í lagi fyrr en borhola á Egilsstöðanesi er tekin í notkun. Gárungar kalla Háslækjarveituna „Milljónadýið“.
- Í árslok eru íbúar hins unga sveitarfélags orðnir 69 og risin eru níu íbúðarhús.

Texti eftir Arndísí Þorvaldsdóttur úr sýningunni „Þorp verður til“.

núverandi götunúmer heldur heiti og voru eftirtalin (núverandi götunúmer í sviga): Lyngás (Tjarnarbraut 1), Lágafell (Tjarnarbraut 5), Laufás (Laufás 1), Vindás (Laufás 7), Bjarmahlíð (Selás 4), Varmahlíð (Selás 6), Birkihlíð (Laufás 3), og Dýralæknisbústaðurinn (Lagarás 20). Auk þessara húsa hýstu Sjúkrahúsið við Lagarás, og hús Kaupfélags Héraðsbúa um tíma nokkra af íbúum hins nýstofnaða Egilsstaðakaupþuns.

Húsin á ásnum voru í byrjun örfá en fjölgæði næstu árin uns að á árunum milli 1970 til 1980 var komin núverandi

¹ Egilsstaðabók – frá býli til bæjar, ritstj. Björn Vigfússon, Egilsstöðum 1997, bls. 425-426.

starfsemi skóla eða heilsugæslu, eru nú innan þeirra svæðismarka sem hér eru dregin en hins vegar snerta tvö hús við Lagarás sögu læknispjónustu á svæðinu, þ.e. Læknisbústaðurinn (Lagarás 22) og Dýralæknisbústaðurinn (Lagarás 20).

Flestir frumbýlinga á „ásnum“ á Egilsstöðum kom úr sveitum á Fljótsdalshéraði og í byrjun voru Skriðdælingar áberandi margir meðal íbúa hins nýstofnaða kauptúns. Eigendur húsanna reistu oftast hús sín sjálfir á þessum tíma. Karlmann unnu flestir við það sem til fél af vinnu hjá einkaframtaki og hinu opinbera, í þorpinu og á Héraði og fjórðungnum á þessum frumbýlingsárum kauptúnsins. Konur voru heimavinnandi með börn og heimili en störf utan heimilis þekktust einnig ef í boði voru í þjónustu á sviði verslunar eða landbúnaðarframleiðslu. Bæði var kaupfélag með verslun og sláturhús á Egilsstöðum og auk þess

barnaskólakennsla, heilbrigðisþjónusta, löggæsla, véla- og timburverkstæði, pósthús, flugvöllur og ýmis störf hjá ríki og sveitarfélagi. Iðnaðar-, sérfræði-, og verkamannastörf og fleira af ýmsu tagi skapaði störf fyrir karla og konur í hinu nýja kauptúni. Frumbýlingar í Egilsstaðakauptúni komu flestir úr nágrannasveitum en smábúskapur til heimilisins samhliða þéttbýlis lífinu varð að jafnaði ekki algengur á Egilsstöðum í upphafi þéttbýlisins eins og í sumum öðrum bæjum. Bæjarbúar tóku sig að vísu saman um mjólkurframleiðslu fyrir heimili í þorpinu á vissu



Mynd 5. Fjós og hlaða Búbótar. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

tímabili og reistu fjós og hlöðu í kauptúninu og höfðu félagsbú um kýr um tíma en þær byggingar standa ekki lengur sem minnisvarði um það átak.²



Mynd 6. Íbúðarhús á ásnum risu eitt af öðru. Hér á mynd er Laufás 7 (byggingarár 1947). Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

² Egilsstaðabók, bls. 426-446.



Mynd 7. Árið 1947, þorp að rísa. Húsin frá vinstri talið eru: Varmahlíð (Selás 6), Sjúkraskýlið fjærst, dýralæknisbústaðurinn (Lagarás 20) nær uppsláttur fyrir Reynihlíð (Selás 10), Hlíð (Selás 12), Fell (Selás 14), Lyngás (Nielsenshús) og Laufás. Fremst á myndinni er Steinastöðin, þar sem framleiddir voru steinar til húsbyggings (síðar Ásbíó), nú horfið. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.



Mynd 8. Mynd frá árinu 1967. Horft yfir byggðina yfir Lagarfljót og fjær liggja Fellin. Nielsenshús næst á mynd til vinstri að byrja að hverfa á bak við gróður. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.



Mynd 8. Þorpið á ásnum um miðjan sjötta áratuginn, samsett mynd. Lengst til vinstri er Sjúkraskýlið, þar ofan götu (Lagarás) er dýralæknisbústaðurinn, svo Selás með hús ofan megin, síðan Laufás og hús sem komin voru við þá götu. Þar næst eru hús meðfram Selás ofan megin, síðan hús við Laufás og Tjarnarbraut nema hús Nielsens (Lyngás) sem stendur lengra til hægri og lendir utan myndar. Ljósm. Vigfús Sigurgeirsson, Héraðsskjalasafn Austfirðinga.



Mynd 9. Horft yfir hverfið út að Gálgaási. Gatan til vinstri er Selás. Enn ekki búið að byggja öll hús beggja megin við Selásinn. Húsin fyrir miðju eru við Laufás. Byggð er hafin utar við Selás, sjá hús fjærst við götuna út undir klöppunum. Klappir fjær eru á Gálgaás þar sem nú stendur Egilsstaðakirkja. Ljósm. Magnús Kristjánsson, Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

ÚR ÖLLUM ÁTTUM

"Það er alltaf ósíðar fólksgjör var vel viðan", segði karlinn, sem alltaf hafði slyggjist út af Þórarfínum. Þvíð mun það þur, sem umhverfisloð er sérstaklega rómað fyrir fegurri landins eins og hér af hafið um, fyrir utan Egilstaðaþorpum, með dæmendur náttúruvísundar blásandi við allt í kring. Lögurinn sjálfur blískand i morgunarsöld, himinum heildar, loftið varri og fullt af fugleflögum. En það er eins og það megi segina vera að því að veita dýr daginn neina alhygili í þessu annansama porpi. Og söngurinn kafnar í eyrum fólkans fyrir vélagný og hana-arslöðgum. Hér virðist innihald lífins og yrkisskrifts dagsins aðeins veru eitt, — þetta — að byggja —

Það má minna að það, að eins af alvöldurþurður á Héraði nái 1 ár er vigað síðasta hóla þorpi, hins mikil félagsheimilis, þar sem byggjum þess er nái það langt komin að hangi er að taka það í notkun. Það var eftirmannið hálfs, sem lengi mun lífi i lugum heitru sem hana aðta. Hún kann að marka tilnærði í sigr félagsheimilismanns því að stóra landssöldi eða fléiri sveitarfélög hafa vist aðgreind stöðin að nokkrum sem komuðum. En það er ekki nóg að byggja fyrir bólginum þessar líka að byggja yfir hvernir sinastakan í þessu vægi andl porpi, þar sem fólkans hefur fjólgas um en 10% á al. Ári og er að nái orðið um hálfir þíðunum. Hér eru líkahátt í 30 hóla í byggjum, svo að það er engin fórða þótt hótt látt í eyrum vélundurnar og umhverfisloð.

Hér má sjá búða á Óllum sigrum sinnar hófum tilordningum. Þarna er græfveri að moka upp ór grunni, þarna er jafnótt að skata risinsteðan moldarhásga frá hinsæði fyrir heila hókk. A þróðra stöðnum stendur grunnurina tilbóðan, austur og tömar, bifandi eftir smíðum, sem eru óennum kafnir annarsstóðar. A fjóru hólmum eru smíðar teknar til fyrstu staða og síð upp fyrir tilskilnum, við hliðina á þeim er kjallarinn að gegjast upp úr jörðum og himumegur er þegar hryður á hliðinum, þunning má heita áfram húsar, sem standa hér í rófum og hverfum, hvort að sinn byggjanartig.

Hver að 60 þessi hús?

Pólitía, sem vinnum í löjuverum og margskumar opinberum og slímenum, bjóðaust í þorpi, sem töngu er örðu miðstöðin í vísindastöðum landbúnaðarhársins á landins. Síðið það sega að verfu höfði staðar Austurlanda? Það eru fóðar þessa porpi, sem eru að byggja þessi hús, með aðstoð og fyrigréðslu misrahólmalestofnumennarinnar. Þetta eru sáa, allt mikyllesta, vondus og vísindar að því að virðist og þess vegna dyr. En fólkislegur hefti að sér til að segna þau yfir höfði sitt, eins og eru oft sást ná að prenti. Hér er auðvísjan-



Búðarþorpanum, síðustöðin, síðumáll kampfélagsins, Egilstaðaþorpa. Fjárd til vinstri er Þórarfus Þórarfusins, þeirra Ingimars og Jóns Egils.

Í ungu þorpi eru

Allir að byggja

lega langur vinnutími. Vélagnýr og vísindu hójðu heyrast langt fram eftir kvöldi.



Þorpið hefur byggt aðeins ört, að það hóla, sem fyrir fórum eru settu að plánsíð eru nái að hverfa í skuggana, jafnvel knapfelsíðbyggingsgarðar viðað voru leinarnar og hledregar hja allir nytjukarum. Það er

félags rekjur alla venjulega þjónusum síkra fyrirtækja ma- myrkurhóla, bött komin að fram undir miðbætti eru þer með að stórhumi. Ær mjólkur svans mikil, að vísma þarf úr henni nætur sem dagur? Ekkil minnk ar smjófjálls við það. En við næmar aðgengið sér, að ekki er þessu hennig varil. Þessar mennt eru ekki að venjulegum fólkavertum (þó verukum), þeir eru að setja náður nýja val — áfyllingar-esa þókunarmáli. Fyrir nýjumjólk. Hún á að setja nýjumjólkum í sínum litra plástumhólbör. Þvíga fylgast Héraðshöfðar veri með timanum — einnig í nægilegum.

Í mjólkurbóli á Egilstöðum er flutt mjólkur óflestum hreppum á Héraði. Það tekur a móti ca. 2. millj. litra yfir árið en meira en heimingarmánum getur verið að innleggjast eftir arðstínum. T.d. var innlög mjólk í mars í vetrar ca. 25 þús. l. á viku en í juní ca. 50 þús. Meist er þessu mjólkurmagni seðst á Austurlandi, sem nýzumjólk og mjólkurvíur, enda er mjólkurfræmlisheiðin á góðri leis með að leggjast náður á Fjörusum.

I mjólkurbólinum vinna nú 7 manna. Það á aðgetan vísakost en hóskynni eru ordin mjög brönd, svo að ekki mun líða á löngu áður en ráðast þarf í nýjar bygglingar.

Hér á Egilstöðum á Knappfélagi Héraðsbaða mikil land,



Þorður Benediktsson
þreppstjóri.

aðeins hinn jöklubvitli Þórarfarkastal upp á klættinum, sem hefur á sér ótvírætt yfirbrugð S.I.S. A Knappfélagsplássum stendur lík fyrir opinberar bygginger — Þóður og Sími á þremi heðnum og Búðarþorpanum á tveimur. Haldór usgil. Þessingarnir miðst Því sem ekki er ódeildlegt, eru fóðir en ein peningastofnum hér í þessu plássi hinsar mikil fjárfestingar. Hér starfar líka aprískófur, stuðnunar af 22 mónum um á Héraði og í Borgarfjörði árið 1958. Hefur hann dæmt að vel undir fyrstu Þóðar skólastjóra Benediktssonar. Árið eftir setti eru Búðarþorpanum á fót útlínu sitt. Knapp

stendur stóri hvítur bíll með Ástursínum:

G. Br. skrifar

áðheimsímilina nývígða — standa margir bílar. Þar er greifðassíða komin í fulum gang í rúmgóðum, viðlegum búskýnum. Ær hún rekin af húsinu sjálft undir fóscólinu Ásdisar Sveinsdóttur. Þarna standur stóri hvítur bíll með Ástursínum:

Vérblöðin,

Langabök. Óg þegar inn er komið, sér að hér er komin kremvare upp um allt veggi og verzelum í fulum gangi. Þvína er það ólöstuður, þar sem peningarnar eru afslöð. Þar verður að vera teikfari til að eyða peni.

Eins og undanfarin sunnar



Þorpið á Egilstöðum og framsíð þess.

er nái líka greifðassíða í Ástból, en það fyrir miklu umferð er ótrulegt að þóf að fyrir tvö veitingahóla, þar sem gisting, áamt smorgunverði, er óvalt til reisfu heims á Egilstöðum. Hvað varður þú um Ástból, sem um að mórg á hefur verið hūmendi týr skemmtanaflið þorpsþóla og að ferðafólk o.fl. fyrir mat og drykk? Þetta sérkeimilegla hús skiptir í þessu blómleiga plássi með ót gáfu bláfs og bóka. Þetta má nái segja að nái að sýna í verki vilja sinn gegn ósjáfnvergini í byggð landsins, sem stjórnalanasmárinir eiga allt að við að stríða. Við skulum vona að henni vegni vel, að hún kemst á fót, prentamáljunnar á Egilstöðum eins og prentamáljunnar Þóðarlands á Selfossi.



Nú er 1150 af hádegi og komins matmaðlumini. Vinnumálfurinn pagðaður, meimurinnir farfir hver til sín heims í sínum bíll og þorpið tekur sér hvíld frá stórfum um stund í hítamóðu húdeigisins. Fyrir utan hvert hús standur bíll, sunnið stader tvær, örskur votur um lífspagindin í verforsíðikina. En það er þó aðnað sem setur svip sinn að þetta þorpi fyrst og frentat og þannig greipist mynd þessi í huga ferðamannanna, sem virfið er það fyrir að, það eru hinir fælegu, gróskumliku trúgæðar. Það varri líka að annaðhvort, ef manna ótlu ekki eftir sér þann mannfætur, sem er austfangmástar, til Óllum á Héraði, tiguleikir bjarkanna, illm skágars skjóli trjána. Prataðing. — Þetta aðt er hér vill dyr hvers húsa. Þér leggur skógeritinninn inn um hvænigressi.


Það er á meðgeilegt að horfa yfir þetta unga þorpi, sem er í svo örnum vesti. Höfðan af Þverklettum, klapparholti ofan við Ástból, sást yfir það allt. Hér hafa ungrir þorpiðar brent ut ó gamla árið 1968. Leidfar brennunarr, sem eildarinn hefur ekki umnið a, liggur up þar í svartri hrungi. Það ber mest að gormum ár gömlum hóðagögnum.

Ný hús þurða nýjar muhlaz.





Mynd 10. Egilsstaðir árið 1960, Egilsstaðabúið er næst á myndinni, við Lagarfljót, Fjær standa vinstra megin þjóðvegar til Reyðarfjarðar húsin á ásnum og hægra megin vegbrautarinnar aðrar elstu byggingar á Egilsstöðum, íbúðarhús, pósthús, verslun og sláturhús og fleira. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.



Íbúafjöldi á Egilsstöðum 1950-1990. Tölur frá Hagstofu Íslands.

Á hreppsnefnarfundi 10. mars 1986 var rætt um að Egilsstaðahreppur verði Egilsstaðabær. Undanfarin þrjú ár hafði íbúatala hreppsins verið yfir þúsund íbúar. Árið 1987 þann 24. maí á afmælishátíð í tilefni 40 ára afmælis Egilsstaðahrepps, afhenti Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra formlega samþykkt þess efnis að Egilsstaðahreppur yrði bær. Egilsstaðir fengu þar með kaupstaðarréttindi 24. maí 1987. Íbúar sveitarfélagsins voru þá orðnir 1339.³

Kauptún er risið

Árið 1987 hefur húsunum á Ásnum fjöldað til muna og þau mynda ekki lengur þyrpingu heldur kaupstað. Byggðin hefur teygjst sig af Ásnum, og alla leið upp undir Selskóg. Næstu 30 árin á þorpið eftir að halda áfram að stækka og þróast. Trjágróður hefur breytt ásýnd bæjarins til muna og Egilsstaðir fá á sig ímynd hins skjólsæla og græna bæjar. Bæjarbúar hafa flestir atvinnu af einhvers konar þjónustustörfum. Nyjar verslanir, stofnanir og fyrirtæki bætast við, sum staldra stutt við, önnur lengi. Skapandi greinum vex fiskur um hrygg og öðlast sess í atvinnulifi þorpsins.

Íbúum fjölgar jafnt og þétt og mannlifið breytist í takt við breytta tíma.

Árið 1998 sameinast Egilsstaðir, Eiða-, Hjalstaðar, - Skriðals- og Vallahreppur og saman mynda þessir fimm hreppar sveitarfélagið Austur-Hérað. Sex árum síðar sameinast síðan Austur-Hérað, Fellahreppur og Norður-Hérað (Jökuldalshreppur, Jökulsárlíð og Hróarstunga) í sveitarfélagið Fljótsdalshérað, viðfeðmasta sveitarfélag landsins. Egilsstaðir halda áfram að vera krossgötur Austurlands og miðstöð verslunar og þjónustu á Fljótsdalshéraði og viðar.

Texti eftir Arndís Þorvaldsdóttur úr sýningunni „Þorpið á ásnum“. Sveitarfélagið Fljótsdalshérað varð árið 2020 hluti sameinaðs sveitarfélags Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðar, Djúpavogshrepps og Borgarfjarðar eystri, sem hlaut nafnið Múlaping.

Atvinnu- og menningarlíf óx og dafnaði næstu áratugina, á sviði heilsugæslu, verslunar, þjónustu atvinnuuppgöggingar og stofnun fyrirtækja, menningarlíf var blómlegt, tónlistarlíf og starfsemi klúbbra og félagasamtaka. Félagsheimili var reist sem síðan varð einnig hótel (Valaskjálf) og Menntaskólinn á Egilsstöðum tók til starfa og sama átti við Safnahús á Egilsstöðum sem hýsir Minjasafn Austurland og Héraðsskjalasafn Austfirðinga. Íbúðarhúsabyggðin stækkaði á Egilsstöðum í kjölfar vaxandi atvinnuuppgöggingar í bænum og fjölbreyttara atvinnu- og menningarlíf. Íbúar á Egilsstöðum og Fellabæ voru skráðir vera 2951 þann 1. janúar 2020.⁴

³ Arndís Þorvaldsdóttir, sýningartexti úr sýningunni „Þorp verður til“, sem sett var upp á Egilsstöðum árið 2017 í tilefni af 70 ára afmæli Egilsstaða (þéttbýlis). Úr fórum Minjasafns Austurlands og Héraðsskjalasafns Austfirðinga, frá 2017.

⁴ Hagstofa.is, sótt 15. febr. 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_2_byggdir_Byggdakjarnarhverfi/MAN03200.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3be6ee63-afcf-4826-8443-d25598490920.



Mynd 11. Loftmynd af Egilsstöðum, 2016. Heimild: <https://www.map.is/fljotsdals/>

Ýmislegt um húsin á ásnum

Afmörkun svæðisins



Mynd 12. Gamla hverfið á ásnum (neðst er syðst), hér ytri mörk dregin í þessum áfanga húsaskrár fyrir Egilsstaði. Loftmynd; Húsin innan gulu línunnar eru skráð í meðfylgjandi húsaskrá. Kort; Steinrún Ótta Stefánsdóttir, 2020.

Útmörk hverfisins sem þessi húsaskráning nær til, í tengslum við gerð tillögu um verndarsvæði í byggð, eru innan bæjarmarka þéttbýlis Egilsstaða og liggja á ásnum sunnan Fagradalsbrautar á milli Tjarnarbrautar að hluta og Lagaráss að hluta, við götuna Selás að hluta og götuna Laufás alltaf, sjá kort á bls. 15. Innan marka umrædds svæðis eru eftirfarandi götur og hús:

- **Við Tjarnarbraut:** Hús og meðfylgjandi lóðir við Tjarnarbraut öðru megin en þó aðeins elstu húsin, þ.e. Nielsenshús (Tjarnarbraut 1) og næstu fimm hús, þ.e. Tjarnarbraut nr. 3, 5, 7 og 9. Öll eru þessi hús í góðu ástandi að sjá hið ytra og halda flestu í upprunalegu útliti ef frá er talið húsið Tjarnarbraut 7 sem er mikið breytt í útliti frá upprunalegri gerð því rishæð var bætt ofan á, og þakgerð breytt í gaflsneitt þak með kvistum í stað einnar hæðar húss með valmaþaki í upphafi. Byggt var við Tjarnarbraut 9 til stækunar en sú viðbygging er í samræmi við eldri hluta húss sem nokkuð hefur haldið upprunalegu útliti.
- **Við Laufás:** Öll húsin beggja megin við Laufás milli Skjólbrekku að sunnan og Lagaráss að norðan, frá og með Laufási 1 til og með Laufási 14 (ath. hús og götunúmerið Laufás 13 er ekki til).
- **Við Selás:** Hús austan megin Seláss, Selás 1, 3, 5, 9 og 11, og síðan utan þvergötunnar Skjólbrekku, áfram út Selásinn beggja megin frá, að austan frá og með Selás 12, 14, 16, 18, 20 og 22 og hinu megin frá og með Selási 13, 15, 17, 19, 21, 23, og 25. (Önnur hús utar á Selásnum beggja megin til enda Selássins norðan gatnamóta Seláss og Lagaráss eru ekki tekin með í verndarsvæðistillögu nú (húsin Selás 26-33)).
- **Við Lagarás:** Hús öðru megin götu, þ.e. Lagarás 12 til Lagaráss 26 (þ.e. númer 12, 14, 16, 18, 20, 22, 24, og 26). Húsin við Lagarás númer 12-18 eru af nýrri gerð en önnur hús þarna við Lagarásinn reist á fyrstu árum þéttbýlismyndunar á ásnum en vegna heildargötumyndarinnar og heildarhverfismyndarinnar eru þau tekin hér með.

Grænt svæði er innan marka svæðisins, og kallast Skjólgarður. Um er að ræða garð/útvistarsvæði sem liggar á milli göngustígs og götunnar Skjólbrekku og að baki húsa við Fagradalsbraut, númer 9 og 11. Í daglegu tali einnig nefndur Pósthúsgarðurinn.

Húsin í húsaskránni eftir götunúmeri í stafrófsröð, og eldri heitin

Götuheiti og númer	Annað heiti	Byggingarár
Lagarás 12		1964
Lagarás 14		1973
Lagarás 16		1968
Lagarás 18		1977
Lagarás 20	Dýralæknisbústaðurinn	1946
Lagarás 22	Læknisbústaðurinn	1957
Lagarás 24	Ásbyrgi	1961
Lagarás 26		1959
Laufás 1	Laufás	1946
Laufás 2	Bjarki	1953
Laufás 3		2013
Laufás 4	Ásbrún	1951
Laufás 5		1959
Laufás 6		1964
Laufás 7	Vindás	1947
Laufás 8		1958
Laufás 9	Sunnuhvoll	1957
Laufás 10	Ás	1953
Laufás 11	Tunga	1960
Laufás 12	Borgarfell	1962
Laufás 14		1968
Selás 1	Oddi	1957
Selás 3		1964
Selás 4	Bjarmahlíð	1946
Selás 5-7		1971
Selás 6	Varmahlíð	1948
Selás 8		1959
Selás 9-11		1971
Selás 10		1950
Selás 12	Hlíð	1949
Selás 13		1981
Selás 14	Fell	1948
Selás 15		1981
Selás 16		1964
Selás 17		1964
Selás 18		1964
Selás 19	Reynihlíð	1965
Selás 20		1971
Selás 21	Víðihlíð	1959
Selás 22		1964
Selás 23	Þórsmörk	1958
Selás 25		1959
Tjarnarbraut 1	Lyngás	1947
Tjarnarbraut 3	Hvassafell	1950
Tjarnarbraut 5	Lágafell	1946
Tjarnarbraut 7	Háafell	1946
Tjarnarbraut 9	Heiðmörk	1954

Húsin í húsaskránni flokkuð eftir aldri skv. skráðu byggingarári

Götuheiti og númer	Annað heiti	Byggingarár
Lagarás 20	Dýralæknisbústaðurinn	1946
Laufás 1	Laufás	1946
Selás 4	Bjarmahlíð	1946
Tjarnarbraut 5	Lágafell	1946
Tjarnarbraut 7	Háafell	1946
Laufás 7	Vindás	1947
Tjarnarbraut 1	Lyngás (Nielsenshús)	1947
Selás 6	Varmahlíð	1948
Selás 14	Fell	1948
Selás 12	Hlíð	1949
Selás 10		1950
Tjarnarbraut 3	Hvassafell	1950
Laufás 4	Ásbrún	1951
Laufás 2	Bjarki	1953
Laufás 10	Ás	1953
Tjarnarbraut 9	Heiðmörk	1954
Lagarás 22	Læknisbústaðurinn	1957
Laufás 9	Sunnuhvoll	1957
Selás 1	Oddi	1957
Laufás 8		1958
Selás 23	Þórsmörk	1958
Lagarás 26		1959
Laufás 5		1959
Selás 8		1959
Selás 21	Víðihlíð	1959
Selás 25		1959
Laufás 11	Tunga	1960
Lagarás 24	Ásbyrgi	1961
Laufás 12	Borgarfell	1962
Lagarás 12		1964
Laufás 6		1964
Selás 3		1964
Selás 16		1964
Selás 17		1964
Selás 18		1964
Selás 22		1964
Selás 19	Reynihlíð	1965
Lagarás 16		1968
Laufás 14		1968
Selás 5-7		1971
Selás 9-11		1971
Selás 20		1971
Lagarás 14		1973
Lagarás 18		1977
Selás 13		1981
Selás 15		1981
Laufás 3		2013

Skráðir hönnuðir húsanna í húsaskránni og starfsheiti þeirra.*

Götuheiti og númer	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti hönnuðar
Lagarás 12	1964	Þorgeir Ólafsson	Smiður
Lagarás 14	1973	Manfreð Vilhjálmsson, Þorvaldur S. Þorvaldsson	Arkitekt
Lagarás 16	1968	Þorvaldur S. Þorvaldsson	Arkitekt
Lagarás 18	1977	Helgi Haflidason	Arkitekt
Lagarás 20	1946		
Lagarás 22	1957	Hörður Bjarnason	Húsameistari ríkisins
Lagarás 24	1961	Osvald Nielsen	Smiður
Lagarás 26	1959	Osvald Nielsen	Smiður
Laufás 1	1946	Osvald Nielsen	Smiður
Laufás 2	1953	Osvald Nielsen	Smiður
Laufás 3	2013		
Laufás 4	1951	Osvald Nielsen	Smiður
Laufás 5	1959	Þorgeir Ólafsson	Smiður
Laufás 6	1964	Páll Lárusson	Smiður
Laufás 7	1947		
Laufás 8	1958		
Laufás 9	1957		
Laufás 10	1953		
Laufás 11	1960		
Laufás 12	1962		
Laufás 14	1968		
Selás 1	1957	Osvald Nielsen	Smiður
Selás 3	1964	Helgi Hjálmarsson	
Selás 4	1946		
Selás 5-7	1971	Magnús Ingí Ingvarsson	Arkitekt
Selás 6	1948	Osvald Nielsen	Smiður
Selás 8	1959	Sigvaldi Thordarson	Arkitekt
Selás 9-11	1971	Sigurður Guðmundss. og Magnús Ingí Ingvarsson	Verkfræðingur
Selás 10	1950	Osvald Nielsen	Smiður
Selás 12	1949	Osvald Nilsen	Smiður
Selás 13	1981	Þórhallur Pálsson	Arkitekt
Selás 14	1948	Björgvin Hrólfsson	Smiður
Selás 15	1981	Sveinn Þórarinsson	Verkfræðingur
Selás 16	1964		
Selás 17	1964	Húsnæðismálastofnun ríkisins	Arkitekt
Selás 18	1964	Húsnæðismálastofnun ríkisins	
Selás 19	1965	Húsnæðismálastofnun ríkisins	
Selás 20	1971	Kjartan Sveinsson	Byggingataeknifræðingur
Selás 21	1959	Osvald Nielsen	Smiður
Selás 22	1964	Teiknistofa landbúnaðarins	
Selás 23	1958	Osvald Nielsen	Smiður
Selás 25	1959	Osvald Nielsen	Smiður
Tjarnarbraut 1	1947	Osvald Nielsen	Smiður
Tjarnarbraut 3	1950		
Tjarnarbraut 5	1946		
Tjarnarbraut 7	1946	Ísleifur Jónsson	Verkfræðingur
Tjarnarbraut 9	1954	Einar Stefánsson	Verkfræðingur

* Upplýsingar um hönnuð fundust ekki við skráningu allra húsanna í skránni.

Byggingarstíll

Helstu einkenni byggðarinnar á ásnum eru lágreist hús í ýmsum litum, ein- eða tvílyft og standa á gróðursælum lóðum og eru bílageymslur tilheyrandi flestum þessara húsa. Bílageymslur komu flestar til síðar en íbúðarhúsin en í stöku tilfellum fóru saman bygging bílskúrs og íbúðarhúss. Byrjað var að byggja fyrstu húsin um og fyrir miðjan fimmta áratug 20 aldar og fólk hóf búsetu í þeim um það leyti. Elsta skráða byggingarár húsa á ásnum er árið 1946, en þau yngstu voru byggð og skráð á níunda áratug 20. aldar, ef frá er talið eitt hús sem reist var árið 2013 við Laufás 3. Þar var upprunalega húsið á lóðinni rifið sem jafnframt var eitt af elstu húsum hverfisins, reist árið 1947 og kallaðist Birkihlíð. Nýja húsið sem er frá árinu 2013 stendur þar sem Birkihlíð stóð en er mun stærri bygging en nærliggjandi hús.



Mynd 13. Tjarnarbraut 1 sem var veitingahúsið Café Nielsen í mörg ár en heitir nú árið 2021 Nielsenshús / Nielsen Restaurant. Húsið er eitt af elstu húsum á Egilsstöðum, hannað og byggt af sínum fyrsta eiganda Osvald Nielsen. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Flest eru húsin þarna lágreist eins og áður gat, timbur- og steinsteypt hús (fáein hlaðin úr holsteini og műrhúðuð) byggð í einföldum alþýðustíl í anda fúnksjónalisma. Nýrri hús, frá því um og eftir miðjan sjötta áratuginn eru í módernískum stíl. Hús þarna eru þannig til merkis um þann byggingarstíl sem frumbýlingar kauptúnsins völdu sér á sínum tíma fyrir hús sín. Hús við Tjarnarbraut 1 (nú Nielsenshús) sker sig úr í stíl því það er í byggt í „dönskum/norrænum stíl en það er eitt af elstu húsum á ásnum og hönnuður þess og sá sem það reisti var danskur maður sem um árabil vann á Egilsstaðabúinu áður en hann gerðist sjálfur bóndi en flutti síðan í Egilsstaði og varð smiður að mennt. Hann hét Osvald Nielsen og á reyndar þátt í byggingarsögu elstu húsanna margra því hann teiknaði nokkur þeirra húsa sem reist voru á ásnum á fyrstu árum byggðar þar og var fyrsti byggingarfulltrúinn í þéttbýlinu á Egilsstöðum. Einkenni þeirra húsa sem hann teiknaði eru valmaþök og einfaldleiki í ytra útliti hússins í fúnksjónalískum stíl.

Hönnun húsa í hverfinu ber með sér áherslu á notagildi þeirra í anda fúnksjónalískrar byggingarstefnu (fúnkisma) sem hafði sterk áhrif á íslenska byggingargerðarlist bæði fyrir og um og upp úr miðri 20. öld. Menn hurfu frá allskyns skreytingum og flúri á byggingum og reistu þær í sem einfaldastri gerð með notkun þeirra í

huga fremur en að þau ættu að vera sjónræn upplifun ásamt því að vera íverustaður fólks. Í upphafi voru öll hús á ásnum með reykháfa í takt við kyndingu þess tíma en reykháfur hefur verið fjarlægður á flestum húsum í dag.

Elstu húsin í þéttbýli Egilsstaða eru þannig vitnisburður um einfaldan, alþýðlegan byggingarstíl nýbygginga eftirstíðsárranna á tímum þegar menn byggðu hús sín sjálfir frá grunni, og sumir hverjir jafnvel hönnuðu þau líka, og þar sem húsbyggjendur horfðu fyrst og fremst til hagkvæmni og notagildis vistarvera fyrir sig og fjölskyldu sína fremur en til eldri hefða í byggingarstíl. Flest eru húsin seinsteyp特 en sum þau elstu hlaðin úr holsteini og mýrhúðuð. Í upphafi voru valmaþök einkennandi en síðan einnig mænisþök og skúrpþök (einhallaþök) og setja þessar þakgerðir enn svip á hverfið og auka á samræmið í heildaryfirbragði þess. Nýrri hús, frá 8. og 9. áratugnum, eru í steinsteypt hús í módernískum stíl. Örfá hús í hverfinu eru í sinni upprunalegu mynd og flest önnur, með örfáum undantekningum, enn í últiti nærri sinni upprunalegu mynd, þrátt fyrir aðgerðir til viðhalds þeim. Flest þau hús sem hafa undirgengist breytingar með viðbyggingum eða hækkan á þaki o.s.frv. samsvara sér engu að síður vel í götumyndinni þannig að heildarásýnd hverfisins hefur haldist allvel í gegnum tíðina, enn sem komið er.


Það sem hefur gerbreytt svipmóti hverfisins frá því að fyrstu húsin risu um upp úr miðjum fimmta áratugnum er mikill og gróskulegur trjágróður og runnar í hverfinu og er þarna að finna sum af elstu trjám þéttbýlisins á Egilsstöðum sem tengir saman menningarsögulegt og umhverfislegt gildi byggðarinnar því ekki höfðu hús staðið þarna lengi nýreist en íbúar voru búinir að koma sér upp girðingu í kringum lóð sína og planta þar trjám og öðrum gróðri til skrauts og skjóls. Gott ástand velflestra húsanna, og þýðing þeirra fyrir götumyndina og heildarsvip hverfisins ásamt þessum gróskumikla „þéttbýlisskógi“ eykur mjög umhverfisgildi gamla hverfisins á ásnum. Einkennandi umhverfisýfirbragð svæðisins er þannig að hús standa í görðum, rými er milli húsa og algengt er að bílageymsla sé á lóð. Falleg grindverk prýða umgjörð sumra lóða. Litur húsanna er ýmiskonar sem gefur hverfinu fjölbreytt og bjart svipmót.



Mynd 14. Lagarás 24. Grindverk úr hestakerruhjólum. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Aðalbyggingarefni

Egilsstaðakaupstaður tók að byggjast um miðja 20. öld og er því ungt þéttbýli samanborið við þá þéttbýliskjarna á Íslandi sem tóku að myndast fyrir og um aldamótin 1900. Húsagerðin í fyrsta íbúðarhúsaþverfinu í bænum ber svip af því sem tíðkaðist á þeim tíma er húsin voru reist. Á skráningarsvæðinu sem húsaskráin nær til eru skráð 47 hús. Af þeim er aðalbyggingarefni 39 húsa steinsteypa (83%), tvö eru hlaðin úr holsteini (4%) og múrsléttar aðir útveggir, fjögur úr steinsteyptum steini (9%) og tvö eru úr timbri (4%). Það er því greinilegt að steinsteypan var algengasta byggingarefnið, og hafði steinsteyputæknin þróast í íslenskri byggingagerð frá því um og fyrir aldamótin 1900 og notkun steinsteypu hafði svo yfirhöndina sem aðalbyggingarefni húsa frá og með miðri 20. öld víðast um land og allar götur til þessa dags.



Mynd 15. Laufás 10 (Ás). Byggingarár, 1953. Tekið á 6. áratugnum. Steinsteyp hús, útveggir múrsléttar aðir. Mænisþak. Eig. ljósm. Ingunn Svavarssdóttir.

Byggingarstíll


Húsin í húsaskránni, byggingarár, byggingarefni og byggingarstíll

Götuheiti og númer	Annað heiti	Byggingarár	Aðalbyggingarefni húss	Byggingarstíll
Lagarás 12		1964	Steinsteypt	Funksjónalismi
Lagarás 14		1973	Steinsteypt	Móderndismi
Lagarás 16		1968	Steinsteypt	Móderndismi
Lagarás 18		1977	Steinsteypt	Móderndismi
Lagarás 20	Dýralæknisbústaðurinn	1946	Steinsteypt	Funksjónalismi
Lagarás 22	Læknisbústaðurinn	1957	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Lagarás 24	Ásbyrgi	1961	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Lagarás 26		1959	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Laufás 1	Laufás	1946	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Laufás 2	Bjarki	1953	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Laufás 3		2013	Steinsteypt	Móderndismi
Laufás 4	Ásbrún	1951	Steinsteypt	Funksjónalismi
Laufás 5		1959	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Laufás 6		1964	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Laufás 7	Vindás	1947	Hlaðið, steinsteyptur steinn	Funksjónalismi
Laufás 8		1958	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Laufás 9	Sunnuhvoll	1957	Steinsteypt	Funksjónalismi
Laufás 10	Ás	1953	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Laufás 11	Tunga	1960	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Laufás 12	Borgarfell	1962	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Laufás 14		1968	Steinsteypt	Funksjónalismi
Selás 1	Oddi	1957	Steinsteypt	Funksjónalismi
Selás 3		1964	Steinsteypt	Móderndismi
Selás 4	Bjarmahlíð	1946	Hlaðið, steinsteyptur steinn	Funksjónalismi
Selás 5-7		1971	Steinsteypt	Móderndismi
Selás 6	Varmahlíð	1948	Hlaðið, holsteinn	Funksjónalismi
Selás 8		1959	Steinsteypt	Móderndismi
Selás 9-11		1971	Steinsteypt	Móderndismi
Selás 10		1950	Steinsteypt	Funksjónalismi
Selás 12	Hlíð	1949	Steinsteypt	Funksjónalismi
Selás 13		1981	Steinsteypt	Móderndismi
Selás 14	Fell	1948	Steinsteypt	Funksjónalismi
Selás 15		1981	Steinsteypt	Móderndismi
Selás 16		1964	Timbur, bindingar	Einfaldur timburhúsastíll
Selás 17		1964	Timbur, bindingar	Einfaldur timburhúsastíll
Selás 18		1964	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Selás 19	Reynihlíð	1965	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Selás 20		1971	Steinsteypt	Móderndismi
Selás 21	Víðihlíð	1959	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Selás 22		1964	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Selás 23	Pórsmörk	1958	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Selás 25		1959	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Tjarnarbraut 1	Lyngás	1947	Hlaðið, steinsteyptur steinn	Dansk-íslenskur stíll
Tjarnarbraut 3	Hvassafell	1950	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll
Tjarnarbraut 5	Lágafell	1946	Hlaðið, steinsteyptur steinn	Einfaldur steinsteypustíll
Tjarnarbraut 7	Háafell	1946	Hlaðið, holsteinn	Móderndismi
Tjarnarbraut 9	Heiðmörk	1954	Steinsteypt	Einfaldur steinsteypustíll

Byggingarstíll



Af þeim 47 húsum sem skráð voru eru 22 byggð í einföldum steinsteypustíl (47%), 11 hús (24%) eru byggð í fúnkísstíl (funksjónalismi), 11 hús (21%) eru byggð í módenískum stíl, tvö (4%) í einföldum timburhúsastíl og eitt hús (2%) er í dansk-íslenskum stíl (Nielsenshús).




12 hús risu í hverfinu á ásnum á firmta áratugnum, 15 hús voru byggð á sjötta áratugnum, 12 hús á þeim sjöunda, fimm á áttunda áratugnum og tvö á þeim níunda. Eitt hús var reist árið 2013 á grunni gamals húss (Laufás 3*).

Húsin í húskránni, þakgerð

Götuheiti og númer	Annað heiti	Byggingarár	Aðalbyggingarefnni húss	Þakgerð
Lagarás 12		1964	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Lagarás 14		1973	Steinsteypt	Geiraris
Lagarás 16		1968	Steinsteypt	Mænisþak
Lagarás 18		1977	Steinsteypt	Mænisþak
Lagarás 20	Dýralæknisbústaðurinn	1946	Steinsteypt	Valmaþak
Lagarás 22	Læknisbústaðurinn	1957	Steinsteypt	Mænisþak
Lagarás 24	Ásbyrgi	1961	Steinsteypt	Mænisþak
Lagarás 26		1959	Steinsteypt	Mænisþak
Laufás 1	Laufás	1946	Steinsteypt	Valmaþak
Laufás 2	Bjarki	1953	Steinsteypt	Valmaþak
Laufás 3		2013	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Laufás 4	Ásbrún	1951	Steinsteypt	Valmaþak
Laufás 5		1959	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Laufás 6		1964	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Laufás 7	Vindás	1947	Hlaðið, steinsteyptur steinn	Valmaþak
Laufás 8		1958	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Laufás 9	Sunnuhvoll	1957	Steinsteypt	Valmaþak
Laufás 10	Ás	1953	Steinsteypt	Mænisþak
Laufás 11	Tunga	1960	Steinsteypt	Mænisþak
Laufás 12	Borgarfell	1962	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Laufás 14		1968	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Selás 1	Oddi	1957	Steinsteypt	Valmaþak
Selás 3		1964	Steinsteypt	Mænisþak
Selás 4	Bjarmahlíð	1946	Hlaðið, steinsteyptur steinn	Valmaþak
Selás 5-7		1971	Steinsteypt	Mænisþak
Selás 6	Varmahlíð	1948	Hlaðið, holsteinn	Valmaþak
Selás 8		1959	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Selás 9-11		1971	Steinsteypt	Mænisþak
Selás 10		1950	Steinsteypt	Valmaþak
Selás 12	Hlíð	1949	Steinsteypt	Valmaþak
Selás 13		1981	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Selás 14	Fell	1948	Steinsteypt	Valmaþak
Selás 15		1981	Steinsteypt	Mænisþak
Selás 16		1964	Timbur, bindingar	Einhalla (skúrpak)
Selás 17		1964	Timbur, bindingar	Mænisþak
Selás 18		1964	Steinsteypt	Mænisþak
Selás 19	Reynihlíð	1965	Steinsteypt	Einhalla (skúrpak)
Selás 20		1971	Steinsteypt	Mænisþak
Selás 21	Víðihlíð	1959	Steinsteypt	Mænisþak
Selás 22		1964	Steinsteypt	Mænisþak
Selás 23	Þórsmörk	1958	Steinsteypt	Mænisþak
Selás 25		1959	Steinsteypt	Mænisþak
Tjarnarbraut 1	Lyngás	1947	Hlaðið, steinsteyptur steinn	Gaflsneitt þak
Tjarnarbraut 3	Hvassafell	1950	Steinsteypt	Mænisþak
Tjarnarbraut 5	Lágafell	1946	Hlaðið, steinsteyptur steinn	Valmaþak
Tjarnarbraut 7	Háafell	1946	Hlaðið, holsteinn	Gaflsneitt þak
Tjarnarbraut 9	Heiðmörk	1954	Steinsteypt	Valmaþak

Þakgerðir; fjöldi þaka i hverri gerð og hlutfall miðað við fjölda húsa í húsaskránni

Algengustu þakgerðir í hverfinu á ásnum eru mænisþök, valmaþak, einhalla þak og mænisþak og hægt er að segja að einkenni flestra elstu húsanna hafi verið valmaþökin. Af þeim 47 húsum sem skráð eru í húsaskránni hafa flest mænisþak í dag, eða 19 hús (41%), 14 hús hafa valmaþak (30%), 11 hús hafa einhalla þak/skúrbak (23%), tvö hús eru með gaflsneitt þak (4%) og eitt hús er með geiraris (2%). Valmaþök voru á fleiri húsum þegar þau voru fyrst byggð en þökum síðan breytt þegar hús voru endurgerð eða stækkuð síðar og eitt þeirra var rifið. (Hús sem voru upphaflega með valmaþaki en hafa ekki lengur eru Tjarnarbraut 7, Laufás 3 (nú horfið hús), Laufás 7 og Selás 4).



Mynd 17. Hús með valmaþaki. Laufás 2. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1952).



Mynd 16. Laufás 2. Ljósm. Unnar B. Karlsdóttir, 2017.





Mynd 18. Valmapök voru á mörgum af fyrstu húsunum sem reist voru á ásnum frá fimmta og sjötta áratugnum. Reykháfar voru einnig einkennandi enda ekki komin kynding með rafmagni á þessum árum og enn lengra var í húshitun með heitu vatni. Mænisþök og einhalla þök urðu síðan algengari. Fremst á mynd er Selás 4, síðan kemur Selás 6, þá Selás 10, þar næst Selás 12 og loks Selás 14 fjærst í húsaröðinni vinstra megin á mynd. Hægra megin standa hús við Laufás, Laufás 1 fremst á mynd við götuna. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.



Mynd 19. Tjarnarbraut 7 (byggingarár 1946) er dæmi um hús sem upphaflega var einlyft með valmabaki en er nú eftir breytingar einlyft með risi með kvistum og gaflsneyddu þaki. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.



Mynd 20. Hús Osvalds Nielsens sem hann byggði. Húsið er hið fyrsta sem hafin var bygging á ásnum en nokkur ár tók að byggja húsið (skráð byggingarár er 1947). Húsið er hlaðið úr steinsteyptum steini sem Osvald steypti og er með gaflsneyddu þaki. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.



Mynd 21. Nielsenshús. Búið að klæða utan með timbrii. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 22. Nielsenshús, árið 2017. Útveggir húss nú klæddir, strompur farinn og ýmsu útliti breytt öðru og þakplötur eru ekki upprunalegar, en meginlinur í ytra útliti hússins hafa þó haldist. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir.



Mynd 23. Nielsenshús, breytt útlit á árinu 2020. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2020.




[Varðveislugildi húsa sem skráð eru í húsaskrána](#)

Minjastofnun Íslands hefur gefið út flokkunarkerfi og leiðbeiningar til að nýta við að meta varðveislugildi húsa. Þrír flokkar eru notaðir við mat á varðveislugildi, þ.e. hátt, miðlungs og lágt. Einnig skal meta varveislugildi út frá fimm gildum, listrænu, menningarsögulegu, umhverfisgildi, upprunalegu gildi og tæknilegu ástandi húss, og að lokum sem sjötta þátt, að draga saman heildargildið, þ.e. varðveislugildi húss með með tilliti til gildis þess út frá ofangreindum fimm þáttum. Varðveislugildi húsa í heild er svo metið í ljósi ofangreindra fimm flokka þar sem þyngst vega sjónarmið byggingarlistar, menningarsögulegs gildis húss og gildis þess í umhverfinu. Hús sem hafa hátt varðveislugildi eru friðlýst hús og önnur hús með ótvírætt varðveislugildi, svo vísað sé í leiðbeiningar Minjastofnunar sem stuðst er við í meðfylgjandi skráningarkerfi sem notað er við gerð húsaskrár. Hús með miðlungsvardeislugildi eru friðuð hús með lítið eða miðlungs varðveislugildi eða önnur hús með miðlungs gildi. Hús með lágt varðveislugildi eru þau sem ekki falla undir lög um menningarminjar eða hafa lítið varðveislugildi, eins og þetta er orðað í leiðbeiningum Minjastofnunar.⁵


Mat á varðveislugildi hér vann Anna María Þórhallsdóttir og úttekt hér er unnin upp úr hennar vinnu og skráningu í meðfylgjandi húsaskrá yfir húsin á ásnum á Egilsstöðum sem standa innan ákvarðaðs svæðis, sbr. áður sagt. Varðveislumat var á lokastigi síðan yfirlitarið og unnið í samráði við sérfræðinga Minjastofnunar Íslands.

Af þeim 47 húsum á Egilsstöðum sem hér eru tekin til skráningar höfðu flest miðlungs varðveislugildi innan ofangreindrar flokkunar, eins og við var að búast því til að hafa hátt varðveislugildi þarf hús að hafa allnokkra sérstöðu varðandi hönnun, aldur og sögulegt hlutverk sitt, þýðingu fyrir umhverfi sitt, breytingasögu og í því tilliti er gildið hærra ef húsi hefur ekki verið breytt frá upprunalegu útliti og hönnun og síðast en ekki síst út frá tæknilegu ástandi, þ.e. hvort húsi hafi verið vel viðhaldið. Hvað varðar húsin á ásnum á Egilsstöðum þá vekur athygli að flest húsanna höfðu hátt gildi í floknum „tæknilegt ásand“ sem er til vitnis um að almennt er gott viðhald á húsum í hverfinu. Ekkert hús á umræddu svæði er flokkað með lágt varðveislugildi sem merkir að ekkert hús er talið mega missa sig í formi þess að vera fjarlægt heldur hafi þau hvert og eitt gildi fyrir heildarhverfismyndina og sögu uppbyggingar hverfisins.



Tafla hér fyrir ofan sýnir flokkun varðveislugildis: Fimm varðveisluflokkar, flokkun varðveislugildis húsa á ásnum og fjöldi húsa með hátt, miðlungs eða lágt gildi. Miðlungsvarðveislugildi er hér algengast, eins og taflan sýnir enda þurfa hús að hafa allnokkuð sérstæði í gerð eða sögu til að fá hátt varðveislugildi.

[Listrænt gildi](#)




Samantekið mat í húsaskrá á listrænu gildi húsa á ásnum sýnir að 91% húsanna hafa miðlungs listrænt gildi og 9% hafa hátt gildi.

Menningarsögulegt gildi




Samantekið mat í húsaskrá á menningarsögulegu gildi húsa á ásnum sýnir að 81% húsanna hafa miðlungs gildi og 19% hafa hátt.

Umhverfisgildi




Samantekið mat í húsaskrá á umhverfisgildi húsa á ásnum sýnir að 85% húsanna hafa miðlungs gildi og 15% hafa hátt.

Upprunalegt gildi



Samantekið mat í húsaskrá á upprunalegu gildi húsa á ásnum sýnir að 42% húsanna hafa miðlungs gildi, 45% hafa hátt og 13% lágt, en lágt upprunalegt gildi á við þegar hús hafa tekið miklum breytingum í ytra últiti frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand



Samantekið mat í húsaskrá á tæknilegu ástandi húsa á ásnum(últit og viðhald á ytra byrði) sýnir að 89% húsanna hafa hátt gildi og 11% hafa miðlungs.

Varðveislugildi - Heildarmat: Varðveislugildi húsa í hverfinu á ásnum (%)



Samantekt á mati á varðveislugildi húsa í gamla hverfinu á ásnum á Egilsstöðum sýnir að 13% húsanna hafa hátt varðveislugildi svo fylgt sé flokkun samkvæmt staðli Minjastofnunar og 87% hafa miðlungsgildi. Varðveislugildi hverfisins í heild er því tölувert.

Umhverfið: Há og mikil tré og runnagróður einkenna gamla íbúðarhúsahverfið á Egilsstöðum



Mynd 24. Til vinstri á myndinni eru hús við utanverðan Selás og hægra megin við Lagarás. Aspir setja svip á hverfið. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.



Mynd 25. Lagarás 22 ("Læknisbústaðurinn"). Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.



Mynd 26. Tjarnarbraut 3. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.



Mynd 27. Lagarás 26. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.



Mynd 28. Trén við Nielsenshús (Tjarnarbraut 1) eru með þeim elstu í þéttbylinu á Egilsstöðum. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.



Mynd 29. Göngustígur í gamla hverfinu á Egilsstöðum milli Tjarnarbrautar og Laufáss. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.



Mynd 30. Horft yfir gamla hverfið til suðurs ofan frá kirkjunni, (turninum), árið 1996. Næst eru hús við Hörgsá og ystu hús við Selás. Selás er gatan beint framundan, lengst til hægri eru hús við Lagarás og vinstra megin Seláss eru hús og gardar við Laufás og þar næst við Tjarnarbraut. Hús greinast illa á myndinni vegna hás og þéttis trjágróðursins. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Horfið hús

Búið er að rífa hús nr. 3 við Laufás sem stóð upprunalega á lóðinni. Skráð byggingarár hússins var árið 1946 og húsið því komið í notkun þegar Egilsstaðir voru lýstir kauptún árið 1947. Húsið het **Birkihlíð** og það byggðu fyrstu íbúar þess þau Stefán Pétursson frá Bót í Hróarstungu og Laufey Valdimarsdóttir frá Húsavík.

Samkvæmt fyrstu brunavirðingu frá 1947 var húsið íbúðarhús úr steinsteypu, einlyft með háu risi litlum kjallara, 13 herbergi niðri og 3 uppi. Veggir hlaðnir úr r-steini með mómylsnu í tróð. Þak úr timbri, pappa og járni. Gólf og skilrúm úr steypu. Miðstöðvarhitun var og raflýsing.



*Birkihlíð (Laufás 3) á fimmta áratug 20. aldar. Ljósm.
Héraðsskjalasafn Austfirðinga.*



Laufás 3 (Birkihlíð). Húsið var rifið og nýtt hús reist árið 2013 á sama grunni en þó stærra að ummáli. Eig. ljósm. Ingunn Svavarsdóttir.

Heimildir

Prentaðar

Arndís Þorvaldsdóttir, „Það var fyrir 70 árum. Frá Friðborgu og Osvald Nielsen“ *Múlaping* 40 (2014), bls. 23-33.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð. Leiðbeiningar*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands, 2016.

Egilsstaðabók - frá býli til bæjar, ritstj. Björn Vigfússon. Egilsstaðir: Egilsstaðabær, 1997.

Manfreð Vilhjálmsson arkitekt, ritstj. Pétur H. Ármansson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009.

Óprentaðar

Héraðsskjalasafn Austfirðinga, „Virðingabók Brunabótafélags Íslands fyrir Vallahreppsumboð 1946-1962 og „Virðingabók Brunabótafélags Íslands Egilsstaðahreppsumboð 1962-1966.

Unnar B. Karlsdóttir og Anna María Þórhallsdóttir, *Húsaskrá – Egilsstaðir. Gamla hverfið á ásnum*. Egilsstaðir: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, 2021.

Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (nú Múlapings) yfir þéttbýlið Egilsstaði.

Á vef

Forsætisráðuneytið, „Reglugerð nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð“, 3. grein, reglugerðasafn, <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/forsaetisraduneyti/nr/0575-2016>.

„Þingskjal 1605, 144. löggjafarþing 629. mál: verndarsvæði í byggð (vernd sögulegra byggða, heildarlög). Lög nr. 87 13. júlí 2015“, 4. gr. Alþingi, <http://www.althingi.is/altext/144/s/1605.html>.

Myndaskrá

Forsíðumynd. Tjarnarbraut 1 (Nielsenshús). Ljósm. Unnar B. Karlsdóttir, 2020.

Mynd 1. Hluti byggðar í þéttbýlinu Egilsstaðir sumarið 2016. Ljósm. Ívar Ingimarsson, haust 2016.

Mynd 2. Egilsstaðakirkja stendur á Gálgaás. Ljósm. Unnar B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 3. Loftmynd sem sýnir staðsetningu elsta íbúðarhúsahverfisins á ásnum inn þéttbýlisins á Egilsstöðum í núverandi mynd (2020). Kort; Steinrún Ótta Stefánsdóttir, 2020.

Mynd 4. Laufás 1. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 5. Fjós og hlaða Búbótar. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 6. Laufás 7. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 7. Hús á ásnum árið 1947. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 8. Horft yfir byggðina yfir Lagarfljót og fjær liggja Fellin, 1967. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 8. Þorpið á ásnum um miðjan sjötta áratuginn, samsett mynd. Ljósm. Vigfús Sigurgeirsson, Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 9. Horft yfir hverfið á ásnum út að Gálgaási. Ljósm. Magnús Kristjánsson, Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 10. Egilsstaðir árið 1960. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 11. Loftmynd af Egilsstöðum, 2016. Heimild: <https://www.map.is/fljotsdals/>

Forsíðumynd. Tjarnarbraut 1 (Nielsenshús). Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2020.

Mynd 1. Hluti byggðar í þéttbýlinu Egilsstaðir sumarið 2016. Ljósm. Ívar Ingimarsson, haust 2016.

Mynd 2. Egilsstaðakirkja stendur á Gálgaás. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 3. Loftmynd sem sýnir staðsetningu elsta íbúðarhúsahverfisins á ásnum inn þéttbýlisins á Egilsstöðum í núverandi mynd (2020). Kort; Steinrún Ótta Stefánsdóttir, 2020.

Mynd 4. Laufás 1. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 5. Fjós og hlaða Búbótar. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 6. Laufás 7. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 7. Hús á ásnum árið 1947. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 8. Horft yfir byggðina yfir Lagarfljót og fjær liggja Fellin, 1967. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 8. Þorpið á ásnum um miðjan sjötta áratuginn, samsett mynd. Ljósm. Vigfús Sigurgeirsson, Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 9. Horft yfir hverfið á ásnum út að Gálgaási. Ljósm. Magnús Kristjánsson, Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 10. Egilsstaðir árið 1960. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 11. Loftmynd af Egilsstöðum, 2016. Heimild: <https://www.map.is/fljotsdals/>

Mynd 12. Gamla hverfið á ásnum. Loftmynd; Húsin innan gulu línumnar eru skráð í meðfylgjandi húsaskrá. Kort; Steinrún Ótta Stefánsdóttir, 2020.

Mynd 13. Tjarnarbraut 1 sem var veitingahúsið Café Nielsen í mörg ár en heitir nú árið 2021 Nielsenshús / Nielsen Restaurant.. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 14. Lagarás 24. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 15. Laufás 10 (Ás). Byggingarár, 1953. Steinsteyp hús, útveggir múrsléttáðir. Mænisþak. Eig. ljósm. Ingunn Svavarsdóttir.

Mynd 16. Laufás 2. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 17. Hús með valmaþaki. Laufás 2. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1952).

Mynd 18. Valmaþök voru á mörgum af fyrstu húsunum sem reist voru á ásnum frá fimmta og sjötta áratugnum. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 19. Tjarnarbraut 7. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 20. Tjarnarbraut 1. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 21. Tjarnarbraut 1. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Mynd 22. Nielsenshús (Tjarnarbraut 1), árið 2017. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir.

Mynd 23. Nielsenshús, 2020. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2020.

Mynd 24. Aspir setja svip á gamla hverfið á ásnum. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 25. Lagarás 22 (“Læknisbústaðurinn”). Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 26. Tjarnarbraut 3. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 27. Lagarás 26. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.


Mynd 28. Nielsenshús (Tjarnarbraut 1). Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 29. Göngustígur í gamla hverfinu á Egilsstöðum milli Tjarnarbrautar og Laufáss. Ljósm. Unnur B. Karlsdóttir, 2017.

Mynd 30. Horft yfir gamla hverfið til suðurs ofan frá kirkjunni, (kirkjeturninum), árið 1996. Ljósm. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

Fyrsti eigandi: Lilja Þórarinsdóttir
 Hönnuður: Þorgeir Ólafsson, smiður
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Lagarás 12. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1957).



Lagarás 12. Ljósm. AMP, 2020.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttar
Þakgerð:	Einhalla (skúrbak)
Þakklæðning:	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Reykháfur / Svalir / Útitróppur

Núverandi

Steinsteypt
Múrsléttar
Einhalla (skúrbak)
Bárujárn
Steinsteypt
Tvílyft / Svalir / Útitróppur

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Samkvæmt fyrstu virðingu þá er eignarhald í húsinu tvískipt, fyrir efri og neðri hæð. Lilja Þórarinsdóttir skráð eigandi 2. hæðar og Vigfús Eiríksson eigandi 1. hæðar. Útveggir, og gólf- og milliplata er steypt. Utanáliggjandi stigi steyptur, þak úr timbri, pappa og járni (skúrbak). Húsið er óbreytt frá upphaflegu útliti.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Síðfúnksstíll, en sker sig úr öðrum þannig húsum við götuna vegna bogadreginna veggja og veggskrauts og utanáliggjandi steyptar tröppur á húshlið upp á aðra hæð.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhúsnæði.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götumyndar og hverfisheildar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er í upprunalegu ytra formi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýlegar viðhaldsframkvæmdir og núverandi ytra ástand hússins gott.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hefur varðveislugildi vegna umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.
Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti	


Fyrsti eigandi: Þorsteinn Sigurðsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Manfreð Vilhjálmsson, Þorvaldur S. Þorvaldsson

Núverandi notkun: Íbúð

arkitekt



Lagarás 14. Teikningingasafn Fljótsdalshéraðs (1970).



Lagarás 14. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttar	Múrsléttar
Þakgerð:	Geiraris	Geiraris
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Reykháfur / Svalir	Tvílyft / Reykháfur / Svalir

Núverandi**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið var byggt fyrir Þorstein Sigurðsson Héraðslæknin á Egilsstöðum, teiknað af Manfreð Vilhjálmsyni. Húsið er eina einbýlishúsið á Egilsstöðum eftir Manfreð Vilhjálmsson. Það stendur í upprunalegri mynd og var teiknað á upphafsárum sameiginlegrar teiknistofu Manfreðs Vilhjálmssonar og Þorvalds S. Þorvaldssonar. Á þessu tímabili stofunnar dró úr sérhönnun íbúðarhúsa og verkefnin urðu stórtækari. Húsið er því eitt af fáum íbúðarhúsum sem teiknuð voru af áðurnefndum arkitektum á þessum tíma. Húsið er talið upp í skrá yfir verk Manfreðs sem dæmi um íbúðarhús sem hann teiknaði um ævina í bók sem gefin var út um hann árið 2009.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Módnískt hús eftir Manfreð Vilhjálmsson, eitt af fáum íbúðarhúsum sem teiknuð voru á teiknistofu Manfreðs Vilhjálmssonar og Þorvalds S. Þorvaldssona á þessum tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, heraðslæknisbústaður.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti götumyndar og hverfisheildar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er í upprunalegu ytra formi. Þenn eru upprunalegar innréttningar í húsinu sem Manfreð teiknaði.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Gott viðhald.

Varðveislugildi:

Hátt	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluverðrar götumyndar og hverfisheildar.
Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Hreppsfélag Fljótsdalshéraðs
 Hönnuður: Þorvaldur S. Þorvaldsson, arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð / Lyfjabúð /
 Núverandi notkun: Íbúð



Lagarás 16. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1967)



Lagarás 16. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefní:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttáð	Múrsléttáð		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft / Reykháfur / Svalir	Tvílyft / Reykháfur / Svalir		

Saga:

Húsið var byggt sem læknishús á Egilsstöðum. Húsið var teiknað af Þorvaldi S. Þorvaldssyni. Þetta hús var teiknað af Þorvaldi í apríl 1967, rétt áður en Manfreð og Þorvaldur stofnuðu sameiginlega stofu.

Húsið stendur í upprunalegri mynd. Það er hluti af heild í götumynd húsa við Lagarás frá sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Hús eftir Þorvald S. Þorvaldsson samstarfsmann Manfreðs Vilhjálmssonar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Hátt Einbýlishús eftir Þorvald S. Þorvaldsson arkitekt.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, læknisbústaður.

Umhverfisgildi: Hátt Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er í upprunalegu ytra formi.


Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald.

Varðveislugildi: Hátt Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Hjálmar Jóelsson og Erla Salómonsdóttir
 Hönnuður: Helgi Hafliðason , arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð / Kirkja



Lagarás 18. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1977).



Lagarás 18. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttar	Múrsléttar
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Mótaðar málmplötur	Mótaðar málmplötur
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Svalir / Kjallari	Tvílyft / Svalir / Kjallari

Núverandi**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið var byggt af Hjálmari A. Jóelssyni og Erlu Salómonsdóttur. Þau eru bæði lyfjafræðingar og var apótek starfrækt á neðri hæð hússins til ársins 2009. Fjölskylda Hjálmars og Erlu bjó á efri hæð hússins.

Teikningum hefur greinilega ekki alveg verið fylgt eftir. Gluggar eru breyttir frá teikningu og mynda óreiðu. Einnig var skyggni reist yfir innangangshurð í apótekið.

Í húsinu er nú starfrækt nunnuklaustur að kapólskum síð. Kirkja og kaffiaðstaða er á jarðhæð en efri hæð og kjallari í útleigu. Nunnur bjuggu um tíma í húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Módernískt hús, einkennandi fyrir byggingastíl á áttunda og níunda áratugnum.

Menningarsöglegt gildi: Hátt Íbúðarhús, apótek, nunnuklaustur.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er í upprunalegu ytra formi.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Húsið þarfast viðhalds.

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar:


Fyrsti eigandi: Ríkissjóður

Hönnuður:

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Lagarás 20. Teikningar frá eiganda.



Lagarás 20. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttáð

Þakgerð: Valmaþak

Þakklæðning: Asbest

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Einlyft / Reykháfur /

Útitröppur / Kjallari

Núverandi

Steinsteyp

Standandi stálklæðning

Valmaþak

Bárujárn

Einlyft / Útitröppur /

Kjallari

Helstu breytingar:

Gluggum breytt og húsið klætt

Hönnuðir breytinga:**Saga:**

Húsið er eitt þeirra 16 húsa sem reist voru fyrstu tíu árin sem að þorp tók að byggjast á ásnum á Egilsstöðum. Húsið kallaðist Dýralæknisbústaðurinn. Þar bjuggu fyrst Bragi Steingrímsson dýralæknir frá Akureyri og Sigurbjörg Lárusdóttir frá Breiðabólstað. Eigandi hússins var ríkissjóður.

Samkvæmt fyrstu virðingu 1946 var húsið íbúð fyrir dýralækni, einlyft og lágt ris (1.25) og kjallari, valmaþak. Í húsinu voru 12 herbergi, stigagangur og anddyri, tréglóf var í 3 herbergjum í kjallara. Veggir eru steinsteypir, þak úr timbri og asbestos. Loft, gólf og skilrúm úr steinsteypu og að nokkuð úr timbri. Miðstöðvarhitun og raflýsing.

Húsið var fyrsta aðsetur barnaskólans á Egilsstöðum sem var til húsa í kjallara hússins, til ársins 1951. Dagheimili fyrir börn starfsfólks sjúkrahúss og heilsugæslu var rekið í húsinu 1974-1975.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, læknisbústaður..

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er í upprunalegu ytra formi, fyrir utan klæðningu og glugga, reykháfur hefur verið rifinn og töppuhandrið steyp.


Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Egilsstaðalæknishérað
Hönnuður: Hörður Bjarnason (Húsameistari ríkisins),
húsameistari ríkisins

Upphafleg notkun: Íbúð / Læknastofa. /
Núverandi notkun: Íbúð



Lagarás 22. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1955).



Lagarás 22. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttáð
Þakgerð:	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Ris / Reykháfur

Núverandi

Steinsteypt
Steniklæðning
Mænisþak
Bárujárn
Steinsteypt
Einlyft / Reykháfur

Helstu breytingar:

Hús klætt með steniklæðningu og ný bílskúrshurð sett í bílskúr

Hönnuðir breytinga:**Saga:**

Samkvæmt fyrstu brunavirðingu frá 1957 var húsið læknisbústaður, með skoðunarstofu og lyfjabúð og bílgeymslu, risi, (1.75) og herbergi eru skráð vera 6 íveruherbergi og sérhús bað, 2 gangar, anddyri, þvottahús, læknistofa, salerni og bílgeymsla. Húsið var sjúklingamóttaka Þorsteins Sigurðssonar en síðar skrifstofuhúsnæði Heilsugæslustöðvar og sjúkrahússins. Nú íbúðarhús eingöngu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Einfalt steinsteypt hús

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, læknisbústaður.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er í upprunalegu ytra formi fyrir utan steniklæðningu og nýrrí bílskúrshurð.

Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald.

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti


Fyrsti eigandi: Stefán Pálsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Osvald Nielsen, smiður

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: / Einfaldur steinsteypustíll



Lagarás 24. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1957).



Lagarás 24. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttar	Múrsléttar
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Reykháfur	Einlyft

Núverandi**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið kallaðist Ásbyrgi og það byggði Stefán Pálsson málarameistari og kona hans Gunnþórunn Hvönn Einarsdóttir. Samkvæmt fyrstu virðingu 1962 var húsið einlyft steinsteypt íbúðarhús með ris (1,5m), 4 herbergi og eldhús auk hreinlætiherbergja, bílgeymsla, þak úr timbri, pappa og járni, gólf steypt, skilrúm timbur, gifis. Olíukynt miðstöð og raflysing.

Húsið er teiknað af Osvald Nielsen, byggt í einföldum steinsteypustíl og hefur haldið útliti sínu. Húsið er byggt eftir sömu teikningum og húsið við hlíðina, þ.e. Lagarás 26.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Einfalt steinsteypt hús í alþýðustíl, eftir Osvald Nielsen smið.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er í upprunalegu ytra formi.

Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald.

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti


Fyrsti eigandi: Gísli Sigurðsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Osvald Nielsen, smiður

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Einfaldur steinsteypustíll



Lagarás 26. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1957).



Lagarás 26. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttæð	Múrsléttæð
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Reykháfur	Einlyft

Núverandi**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið byggðu og eiga Gísli Sigurðsson og Heiða Aðalsteinsdóttir. Gísli Sigurðsson starfaði lengi sem málari og síðan hjá Rafmagnsveitum ríkisins

Samkvæmt fyrstu virðingu árið 1959 var húsið steinsteypt íbúðarhús með viðbyggðri bílageymslu. Innanhúss var loft, skilrúm og gólf steypt, þak út timbri, pappa og járni. Olíukynt miðstöð og raflysing.

Húsið er teiknað af Osvald Nielsen, Húsið er að ytra útliti óbreytt frá upphaflegri gerð og engin teikning er í teikningasafni sveitarfélagsins sem bendir til breytinga á ytra útliti eða á skipan þess innanhús. Húsið er gert eftir sömu teikningum og hús við hliðina, Lagarás 24.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Einfalt steinsteypt hús í alþýðustíl.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er í upprunalegu ytra formi.


Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald.

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Einar Stefánsson
Hönnuður: Osvald Nielsen, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Síðfunkísstíll

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Laufás 1. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1949).



Laufás 1. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefní:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttáð	Múrsléttáð		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Reykjháfur	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag)		

Saga:

Húsið er eitt þeirra 16 húsa sem reist voru fyrstu tíu árin sem að borp tók að byggjast á ásnum á Egilsstöðum. Fyrstu íbúar voru hjónin Einar Stefánsson byggingarfulltrúi, frá Mýrum í Skriðal, og Sigríður Vilhjálmsdóttir frá Hánefsstöðum í Seyðisfirði. Húsið nefndist Laufás. Samkvæmt fyrstu brunavirðingu 1946 var húsið steinsteypt íbúðarhús, einlyft með valmaþaki. Á húsinu var útbygging, ris (1.60), 8 herbergi og gangur. Útveggir steyptir tvöfaldir með tróði á milli, fóðrað innan með taxi. Þak; timbur, pappi og járn. Loft úr timbri og forskallað, gólf steypt. Miðstöðvarhitun og raflysing. Nánari lýsing á herbergjaskipan er í endurvirkingu frá 1968. Herbergi voru: Stofa, eldhús, borðkrókur, 3 svefnherbergi, þvottahús og miðstöð, snyrtung, bað, forstofa og gangur. Húsið hefur haldið útliti sínu fyrr utan að reykjháfur hefur verið fjarlægður. Teikningarnar virðast vera reyndarteikningar. Húsið var byggt 1945 en teikningar eftir Osvald Nielsen eru dagsettar í júní 1949. Í húsinu var rekin gisting ásamt íveru: Þær voru kostgangarar og á seinni tíma sólbaðsstofa. Húsið er nú íbúðarhús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Hátt Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er í upprunalegu ytra formi.

Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald.

Varðveislugildi: Hátt Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Svavar Stefánsson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: / Síðfunkísstíll



Laufás 10. Eig. ljósm. Ingunn Svavarsdóttir.

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Laufás 10. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefní:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttáð	Steniklæðning
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Asbest	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Ris / Reykháfur	Einlyft / Ris / Reykháfur / Viðbygging

Núverandi**Helstu breytingar:**

2006	Nýtt þak og þaki lyft. Hús klætt að utan með steni.
	2006 Bílskúr byggður á lóð

Hönnuðir breytinga:

Traust tæknifræðingar,
Byggingatæknifræðingur
Verkfræðistofan Höfn,
Verkfræðingur

Saga:

Húsið er eitt þeirra 16 húsa sem reist voru fyrstu tíu árin sem að þorp tók að byggjast á ásnum á Egilsstöðum. Fyrstu íbúar voru Svavar Stefánsson mjólkurbússtjóri og Kristbjörg Sigurbjörnsdóttir frá Múlastekk í Skriðdal. Húsið nefndist Ás. Samkvæmt fyrstu brunaviröingu árið 1953 var húsið íbúðarhús, steinsteypt, ris (2m), 7 herbergi og gangur. Veggir steinsteyptir, korkeinangrun. þak; timbur, pappi og asbestos. Loft, gólf og skilrúm steinsteypt. Olíukynnt miðstöð og raflysing.

Húsið var endurgert 1999, er nú einlyft með rishæð og með mænisþaki, þakjárn er bárujárn svart að lit. Veggir klæddir með steniklæðningu.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt steinsteypt íbúðarhús
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götumyndar og hverfisheildar.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er nokkuð breytt að ytra formi, stækkað og þak hækkað.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Gott viðhald.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.
Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti	

Fyrsti eigandi: Ingimar Þórðarson
Hönnuður: Óþekkt
Upphaflegur byggingarstíll: / Síðfunkísstíll

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Laufás 11. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs.



Laufás 11. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttáð	Múrsléttáð
Þakgerð:	Einhalla (skúrbak)	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur	Tvílyft / Útitröppur

Núverandi**Helstu breytingar:**

Breyting á þaki við inngang,
austanmegin.

Hönnuðir breytinga:**Saga:**

Húsið átti Ingimar Þórðarson, ókvæntur. Tveggja íbúða hús. Hann bjó á efri hæðinni en leigði neðri hæðina, þar sem bjó Björn Pálsson frá Hrjót í Hjaltastaðaþinghá og Petra Björnsdóttir frá Grófarseli í Jökulsárhlið. Húsið nefndist Tunga. Samkvæmt virðingu í janúarbyrjun 1961 var húsið tvíþýlishús, steinsteypt íbúðarhús. Tvílyft, ris (0,5). Efri hæð; 4 herbergi og eldhús, þvottahús, bað, gangur og anddyri. Þak úr timbri, pappa og járni. Loft, gólf og skilrúm steypt. Olíukynt miðstöð og raflýsing. Bílageymsla aðskilin frá íbúðarhúsi, steypt með timbri, pappír og járnþaki, upphituð með miðstöð frá íbúðarhúsi.

Húsið hefur að mestu haldið upprunalegu útliti að ytra byrði.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkísstíll, tvílyft íbúðarhús.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er í upprunalegu ytra formi að mestu leyti, smá breyting á þaki við inngang, sjá myndir.

Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald.

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Oddrún Sigurðardóttir
 Hönnuður:
 Upphaflegur byggingarstíll: / Síðfunkísstíll

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Laufás 12. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefn: Steinsteyp
 Útveggir: Múrsléttáð
 Þakgerð: Einhalla (skúrbak)
 Þakklæðning: Bárujárn
 Undirstaða: Steinsteyp
 Útlit: Einlyft / Útitróppur / Kjallari

Núverandi

Steinsteyp
 Ómúrað
 Einhalla (skúrbak)
 Bárujárn
 Einlyft / Kjallari

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Fyrstu íbúar voru Vilhjálmur Frímann Magnússon fæddur á Hvíteyrum í Lýtingsstaðahreppi, og ólst síðar upp Jórvíkurhjáleigu í Hjaltastaðaþinghá, og kona hans Oddrún Valborg Sigurðardóttir frá Vallanesi á Völlum. Húsið nefndist Borgarfell. Samkvæmt virðingu 1962 var húsið steinsteyp einlyft íbúðarhús með kjallara að hluta, 4 herbergi á hæð og eldhús, bað, gangur, forstofa og stigahús. Í kjallara 2 herbergi, þvottahús, snyrtihergi og gangur. Þak úr timbri, pappa og járni. Loft gifsonitt klætt. Skilrúm og gólf steinsteyp. Olíukynnt miðstöð og raflýsing.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Einfalt steinsteyp íbúðarhús

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er í upprunalegu ytra formi fyrir utan að skorsteinn hefur verið fjarlægður.

Tæknilegt ástand: Hátt Ástand er gott

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Ásgeir ???

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi



Laufás 14. Ljósm. AMB, 2019.



Laufás 14. Ljósm. UBK, 2020.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttáð

Þakgerð: Einhalla (skúrbak)

Þakklæðning: Bárújarn

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Einlyft / Reykháfur

Núverandi

Steinsteyp

Klæddir veggir

Einhalla (skúrbak)

Bárújarn

Steinsteyp

Einlyft

Helstu breytingar:

1968 Bílskúr byggður upp við hús

Hönnuðir breytinga:

Páll Lárusson, Smiður

Saga:

Þetta hús keypti skömmu eftir byggingu þess og bjuggu í því þau Kristmundur Bjarnason frá Straumi í Hróarstungu og Gróa Jónína Kristinsdóttir frá Hrollaugsstöðum í Hjaltastaðapínghá. Samkvæmt brunavirðingu 1968 (fyrsta virðing er ekki í virðingarbók) er húsið einlyft steinsteyp, skúrbak, loft, gólf og skilrúm steypt. Eldhús, borðstofa, stofa 2 herbergi, hreinlætisherbergi, bún, þvottahús/kynding, gangur, forstofa.

Húsið er nú í endurupþbyggingu og breytingaferli.

Um margra ára skeið var myndbandsleigan Vídeoflugan rekin í bílskúr hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Alþýðustíll, einfalt byggingarlag.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Lágt Húsið er í endurbyggingu, breytt


Tæknilegt ástand: Miðlungs Húsið er í endurbótum og breytingaferli

Varðveislugildi: Miðlungs Hluti varðveisluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðmundur Magnússon
 Hönnuður: Osvald Nielsen, smiður
 Upphaflegur byggingarstíll: / Síðfunksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Laufás 2. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1952).



Laufás 2. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt	Núverandi
Útveggir:	Múrsléttáð	Trapizuklæðning
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft / Útitröppur / Útskot (karnap) / Kjallari	Einlyft / Útitröppur / Útskot (karnap) / Kjallari

Helstu breytingar:

1966 Bílskúr byggður á lóð

Hönnuðir breytinga:**Saga:**

Húsið er eitt þeirra 16 húsa sem reist voru fyrstu tíu árin sem að þorp tók að byggjast á ásnum á Egilsstöðum. Húsið nefndist Bjarki. Fyrstu íbúar voru Guðmundur Magnússon frá Hjartarstöðum í Elðaþinghá og Aðaldís Pálsdóttir frá Skeggjastöðum í Fellum. Guðmundur var lengi skólastjóri barnaskólans og oddviti sveitarstjórnar. Samkvæmt fyrstu brunavirðingu 1953 var húsið steinsteypt, einlyft og ris (1.80), kjallari, 7 herbergi á hæð og gangur og í kjallara 4 herbergi og gangur. Útveggir steinsteyptir og korkeinangrað, þak úr timbri, pappa og asbestos. Gólf og loft steypt en í kjallara var forskallad loft yfir íbúð. Olíukynding var og raflysing. Aðsetur barnaskólans var um tíma í húsinu, auk þess sem boðið var upp á gistingu í því um tíma. Húsið hefur haldið upprunalegu útliti sínu en einhvern tíma verið klætt að utan með trapisuklæðningu/kantstáli og skipt um gerð glugga.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkíssstíll,

Menningarsöglegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er í upprunalegu ytra formi fyrir utan einfaldari gluggagerðir og trapizuklæðningu.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Ágætis viðhald í gegnum tíðina en kominn tími á viðhald.

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Anna María Þórhallsdóttir, arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Laufás 3. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir:

Þakgerð: Einhalla (skúrbak)

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Einlyft

Núverandi

Steinsteyp

Múrléttáð

Einhalla (skúrbak)

Bárujárn

Steinsteyp

Einlyft / Reykháfur

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Gamla húsið var rifið og byggt nýtt hús á lóðinni árið 2013. Nýja húsið sem nú stendur er á sama stað og gamla húsið stóð á en er mun stærra að flatarmáli. Guðmundur Magni Bjarnason og Heiður Vigfúsdóttir létu byggja nýtt hús 2013 þar sem gamla húsið var orðið óibúðarhæft.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Látlauost steyp íbúðarhús

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús byggt 2013

Umhverfisgildi: Miðlungs Nýbygging sem stingur í stúf við umhverfi og hverfisheild eldri húsanna.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Upphaflega hús hefur verið rifið og þetta nýja hús byggt á sama stað.


Tæknilegt ástand: Hátt Ástand er gott

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er of nýtt til að hafa varðveislugildi en er þó hluti af núverandi hverfisheild og þá mynd sem hún hefur núna í næsta nágrenni við húsið.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Garðar Stefánsson
 Hönnuður: Osvald Nielsen, smiður
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Laufás 4. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1950).



Laufás 4. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp	Steinsteyp	Útveggir einangraðir klæddir með kantstáli.	
Útveggir: Múrsléttáð	Trapizustál	1959 Skúrvíðbygging	
Þakgerð: Valmaþak	Valmaþak	2014 Skúrvíðbygging frá 1959 rifin og ný viðbygging endurgerð.	Jón Júlíusson
Þakklæðning: Bárujárn	Mótaðar málmplötur		
Undirstaða: Steinsteyp	Einlyft / Reykháfur / Kjallari		
Útlit: Einlyft / Reykháfur / Kjallari	Einlyft / Reykháfur / Útitróppur / Viðbygging / Kjallari		

Saga:

Húsið er eitt þeirra 16 húsa sem reist voru fyrstu tíu árin sem að þorp tók að byggjast á ásnum á Egilsstöðum. Húsið byggði og átti Garðar Stefánsson frá Mýrum í Skriðdal, flugumferðarstjóri, og Erna Kristín Elíasdóttir frá Búðarhóli í Austur-Landeyjum.

Samkvæmt fyrstu virðingu árið 1951 var húsið steinsteyp og einlyft með kjallara og porti, útbyggingu og anddyri, risi (1.20) og kjallara. 8 herbergi voru á hæð og anddyri og í kjallara 2 herbergi. Þak úr timbri, pappa og járni. Gólf steypt og loft forskallað. Upphitun: miðstöð og arinn, raflysing.

Viðbyggingu (var lítil, einlyft) bætt við 1959 og sú bygging rifin og endurbyggð árið 2014 en upprunaleg mál látin halda sér.

Hús heldur nánast upprunalegu útliti fyrir utan klæðningu og nýja gerð glugga.

Aðsetur barnaskóla var í húsinu í einn veturn Hannýrðaverslun Emu Elíasdóttur einnig.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkíssstíll,

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er í upprunalegu ytra formi fyrir utan klæðningu, hófsama viðbyggingu og nýja gerð glugga.


Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Steinþór Erlendsson
 Hönnuður: Þorgerir Ólafsson, smiður
 Upphaflegur byggingarstíll: / Síðfunksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Laufás 5. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1961).



Laufás 5. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp
 Útveggir: Múrsléttáð
 Þakgerð: Einhalla (skúrbak)
 Þakklæðning: Bárujárn
 Undirstaða: Steinsteyp
 Útlit: Einlyft / Kjallari

Núverandi

Steinsteyp
 Múrsléttáð
 Einhalla (skúrbak)
 Bárujárn
 Steinsteyp
 Einlyft / Reykháfur /
 Kjallari

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið byggðu og áttu Steinþór Erlendsson og átti, og Ragnheiður Þorsteinsdóttir kona hans frá Sandbrekku.

Samkvæmt brunavirðingu frá árinu 1965 er húsið steinsteptyt íbúðarhús, tvær hæðir að hluta, þak úr timbri, pappa og járni. Á efri hæð eldhús, stofa, borðstofa, 3 svefnherbergi, skáli, anddyri, snyrtung. Á neðri hæð herbergi, þvottahús, geymsla, kynding, anddyri. Viðbyggð bílgeymsla.

Húsið er lítið breytt að ytra byrði.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkísstíll

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er í upprunalegu ytra formi.

Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Páll Lárusson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Páll Lárusson, smiður

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: / Síðfunkísstíll



Laufás 6. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1960).



Laufás 6. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefní:	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttar
Þakgerð:	Einhalla (skúrbak)
Þakklæðning:	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Reykháfur / Kjallari

Núverandi

Steinsteypt
Múrsléttar
Einhalla (skúrbak)
Bárujárn
Steinsteypt
Einlyft / Reykháfur / Útitróppur / Kjallari

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Fyrstu íbúar voru Páll Lárusson frá Gilsá í Breiðdal og kona hans Guðrún Guðmundsdóttir frá Eyjólfssstöðum á Fossárdal. Af teikningu er að sjá að Páll Lárusson hafi teiknað húsið, teikn. dags. 26. ág. 1960. Hann var húasmíðameistari. Samkvæmt fyrstu virðingu frá 1964 var húsið steinsteypt einlyft íbúðarhús með kjallara, skúrbaki (einhalla þaki), loft, gólf og skilrúm steinsteypt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkísstíll

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er í upprunalegu ytra formi.

Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Vilhjálmur Emilsson

Hönnuður:

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Laufás 7. Ljósm. Héraðsskjalasafn (án ártals).



Laufás 7. Ljósmynd UBK. 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Hlaðið, steinsteyptur	Hlaðið, steinsteyptur
Útveggir:	Múrsléttuð	Mótaðar málmplötur
Þakgerð:	Valmaþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft / Reykháfur	Einlyft / Glerskáli/Sólstofa / Ris / Útskot (karnap)

Núverandi**Helstu breytingar:**

2008	Viðbyggð sólstofa á
2013	Þak endurnýjað og sett risþak.

Hönnuðir breytinga:

Mælingar og Ráðgjöf
Verkfraðistofa Austurlands, Verkfraðingur

Saga:

Húsið er eitt þeirra 16 húsa sem reist voru fyrstu tíu árin sem að þorp tók að byggjast á ásnum á Egilsstöðum. Húsið nefndist Vindás og var hús Vilhjálmssons Emilssonar vélvirkja frá Hánefsstöðum í Seyðisfirði og Ingibjargar Stefánsdóttur ljósmóður frá Mýrum í Skriðdal. Húsið er hlaðið úr r-steini sem steyptur var í Egilsstaðaþorpi. Samkvæmt virðingu 1947 og endurvirðingu 1968 var húsið hlaðið úr steyptum steini (r-steini), íbúðarhús, einlyft með valmaþaki. Í húsinu voru stofa, 3 svefnherbergi, eldhús, snyting, gangur, auk forstofu. Einnig var þvottahús, kynding og búr. Húðað úr v steini, trúðað með mómylsnu. Þak úr timbri, pappa og járni, gólf og skilrúm úr steinsteypu, loft úr timbri með taxi. Eldhúsloft forskalað. Miðstöðvarupphitun og raflysing.

Upprunaleg teikning er ekki til í teikningasafni bæjarins. Árið 2013 var manngengu risi bætt ofan á húsið og valmaþaki breytt í mænisþak.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Funkísstíll.

Menningarsöglegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Lágt Hús er mikið breytt, hækkað með risi og mænisþak komið í stað valmaþaks.

Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti


Fyrsti eigandi: Þórður Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi



Laufás 8. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs.



Laufás 8. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttar	Múrsléttar
Þakgerð:	Einhalla (skúrbak)	Einhalla (skúrbak)
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Útitröppur / Kjallari

Núverandi**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Fyrstu íbúar og eigendur voru Þórður Benediktsson skólastjóri, sparisjóðsstjóri og bankastjóri á Egilsstöðum og Steinunn Guðnadóttir frá Eskifirði. Samkvæmt fyrstu virðingu 1958 var húsið steinsteypt íbúðarhús, ein hæð með kjallara að parti. Fjöldi herbergja var 2 stofur, 4 svefnherbergi, skrifstofa, eldhús, bað, anddyri og gangur. Í kjallara var þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi og stigahús.

Sparisjóður Fljótsdalshéraðs var um tíma í húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkísstíll

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús, sparisjóður.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er í upprunalegu ytra formi.

Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu, umhverfis og upprunalegs gildis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sveinn Guðbrandsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi



Laufás 9. Ljósm. Héraðskj. Austf., um 1993.



Laufás 9. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefní:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:		Steining
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur	Einlyft / Kvistir / Ris

Núverandi**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Húsið er meðal húsa þéttbýlis á Egilsstöðum sem reist voru fyrstu tíu árin frá því að byggð hófst á ásnum. Fyrstu íbúar voru Sveinn Guðbrandsson frá Hryggstekk úr Skriðdal og Steinunn Gunnlaugsdóttir frá Gilsá í Breiðdal. Húsið nefndist Sunnuhvoll. Samkvæmt fyrstu brunavirðingu 1957 var húsið íbúðarhús, steinsteyptir veggir, hæð og ris (3m), 3 herbergi á neðri hæð. Auk þess sérhús, geymsla, þvottahús, bað, gangur og anddyri, á rishæð eru 3 herbergi og gangur. Steinsteyptir útveggir eru einangraðir með kork, gosull og vikri. Þak úr timbri, pappa og járni. Gólf og loft steinsteypt á neðri hæð, timbur „kallitt“ rishæð (kallettur). Olíukynt miðstöð og raflysing. Húsið hefur haldið sér að mestu í útliti og er vel viðhaldið. Þak tók breytingum við endurbætur á húsi, þak fram lengt yfir steypta kanta og þakkantar klæddir. Reykháfur fjarlægður.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Funkisstíll.

Menningarsöglegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er í upprunalegu ytra formi fyrir utan breytingar á þaki, kvistum og þakkanti. Skorsteinn verið fjarlægður..


Tæknilegt ástand: Hátt Viðhald er gott

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Stefán Einarsson
 Hönnuður: Osvald Nielsen, smiður
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
 Núverandi notkun: Íbúð / Verslun



Selás 1. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1955).



Selás 1. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt	Núverandi
Útveggir:	Múrsléttáð	Kantstál (trapisa)
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Reykháfur / Útitróppur	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Reykháfur / Svalir / Útitróppur / Viðbygging

Helstu breytingar:

2009	Steypt viðbygging, útveggir einangraðir að utan og klæddir með
------	---

Hönnuðir breytinga:

Verkís , Byggingatæknifræðingur

Saga:

Húsið er meðal húsa þéttbýlis á Egilsstöðum sem reist voru fyrstu tíu árin frá því að byggð hófst á ásnum. Húsið kallaðist Oddi. Fyrstu íbúar voru Stefán Einarsson frá Hjrót í Hjaltastaðaþinghá og Sigríður Þórarinsdóttir frá Reyðarfirði. Samkvæmt fyrstu virðingu 1957 var húsið steinsteypt, tvílyft og einangrað með korki. Rými voru kjallari, útbygging, ris (1.80), 8 herbergi í kjallara, gangur og anddyri og salerni, á hæð 6 herbergi, eldhús, bað, salerni, gangur og anddyri. Þakgerð var valmaþak, úr timbri, pappa og járn, steypt loft, gólfs og skilrúm, olíukynt miðstöð og raflysing.

Seinna var byggt við húsið vestanmegin og þjónar það rými sem verslunarými ásamt eldri hlutanum.

Húsið var íbúðarhús auk þess sem að þar var verslun. Verslunarfélag Austurlands (Arabúð) var í húsinu rekið af Sigbirni Brynjólfssyni í félagi við Ara Björnsson um tíma. Síðan var þar Varahlutaverslun Gunnars Gunnarssonar (Gagarín), Blóma- og gjafavöruverslun Guðrúnar Sigurðardóttur, Símabær og nú er í því verslunin Klassík sem er gjafavöruverslun.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkísstíll

Menningarsögulegt gildi: Hátt Íbúðarhús, verslun.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið hefur haldið ytra útliti að mestu, en viðbygging er á vesturhlíð hússins, gluggum verið breytt og klæðning sett á veggi.


Tæknilegt ástand: Miðlungs Viðhald hefur verið gott en kominn tími á viðhald.

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Bergur Ólason og Einar Einarsson
 Hönnuður: Osvald Nielsen, smiður
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Selás 10. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1949).



Selás 10. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Klæddir útveggir	
Útveggir:	Múrsléttáð	Kantstál (trapisa)		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak	1965 Bílskúr austan við hús	Einar Stefánsson
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt	1991 Timburpallur b. við húsið á austurhl.	
Útlit:	Tvílyft / Reykháfur	Tvílyft / Svalir / Útitröppur	klæddur með sömu klæðn. og hús.	

Saga:

Húsið er eitt þeirra 16 húsa sem reist voru fyrstu tíu árin sem að borp tók að byggjast á ásnum á Egilsstöðum. Húsið reistu Bergur Ólason frá Þingmúla í Skriðdal og móðurbróðir hans, Einar Einarsson bíðulagningameistari og bjuggu á sitt hvorri hæðinni. Eiginkona Bergs Ólasonar var Svanhildur Sigurðardóttir frá Vestmannaeyjum. Samkvæmt fyrstu virðingu árið 1950 var húsið steinsteypt íbúðarhús, tvær hæðir, 7 herbergi í íbúð á efri hæð, gangur og stigahús, og á neðri hæð 8 herbergi, gangur og stigahús. Hitun með kolamiðstöð og raflysing. Valmaþak (timbur, pappi, járn), golf, loft og skilrúm steypt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er í upprunalegu ytra formi fyrir utan klæðningu, gluggum breytt og timburpallur á austurhlíð.

Tæknilegt ástand: Hátt Gott viðhald

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Hluti varðveisluluverðrar götumyndar og hverfisheildar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Einar Ólason

Hönnuður: Osvald Nilsen, smiður

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð / lónaður

Núverandi notkun: Íbúð



Selás 12. Teikningasafn Fljótsdalshéraðs (1949).



Selás 12. Ljósm. UBK, 2017.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttáð	Bárujárn
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	
Útlit:	Tvílyft / Reykháfur	Tvílyft

Núverandi**Helstu breytingar:**

Hús klætt að utan og gluggum breytt

Hönnuðir breytinga:**Saga:**

Húsið er eitt þeirra 16 húsa sem reist voru fyrstu tíu árin sem að þorp tók að byggjast á ásnum á Egilsstöðum. Þetta hús byggði Einar Ólason rafvirkjameistari frá Þingmúla í Skriðdal og bjuggu þar fyrst hann og kona hans Jónína Ásgerður Guðjónsdóttir frá Tóarseli í Breiðdal. Samkvæmt fyrstu virðingu 1949 var húsið steinsteypt, tvær hæðir með steyptu lofti milli hæða, Efra loft forskalað á timbur, ris (1.90m). Viðbyggt raftækjaverkstæði. Nánar í virðingu árið 1953 nr. 93, 10. nóv., um verkstæðið: Raftækjaverkstæði, steinsteypt, korkeinangrun 2 veggir í jörd á tvo vegu. Steinsteypt þak og loft, gólf og skilrúm steinsteypt, Oliukynt miðstöð, raflysing. Brunavirðing – endurvirðing, nr. 231, 8. des. 1968. Tvær hæðir, steypt, valmaþak með járni. Herbergi efri hæð: Eldhús, borðstofa, 2 stofur, 2 svefnherbergi, hreinlætisherbergi, forstofa, gangur. Neðri hæð: Eldhús, 2 stofur, 1 svefnherbergi, þvottahús, miðstöð, klósett, forstofugangur, stigahús. Viðbygging; rafmagnsverkstæði steypt í hólf og gólf.

Húsið er lítið breytt að ytra útliti.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Síðfunkíssstíll.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti götumyndar og hverfisheildar.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er að mestu í upprunalegu ytra formi. Gluggum hefur verið breytt og hús klætt með báru.


